

Íbúðir við Austurveg seljast vel



Sala á íbúðum við Austurveg 51 á Selfossi hefur gengið mjög vel. Íbúðirnar sem eru frá 88 fermetrum upp í 137 fermetra, eru ætlaðar fólki 55 ára og eldra. Þær eru með vönduðum innréttingum, svalalokun, bílastæði í upphitaðri bílageymslu, mynddyrasíma og hleðslueiningu í hverju bílastæði. Alls voru byggðar 28 íbúðir með upphituum bílakjallara í þessum áfanga. Að sögn Guðmundar Sigurðssonar, eins af framkvæmda-

aðilum, eru nú þegar 24 íbúðir seldar. „Það er augljóst að svona íbúðir hefur vantað á markaðinn hér á Selfossi. Margir hafa selt einbýlishús sín og keypt hér íbúðir,“ segir Guðmundur.

Í vor verður byrjað á áfanga tvö en í honum verða 26 íbúðir. Á myndinni hér að ofan, til vinstri, má einnig sjá tengibýggingu sem er félagsaðstaða og dagvist fyrir eldri borgara. ög

Útgáfudagar um páskana

Um páskana kemur Dagskráin út þriðjudaginn 16. apríl og síðan þriðjudaginn 30. apríl. Skil á efni og auglýsingum í blaðið sem kemur út 16. apríl er fyrir hádegi **föstudaginn 12. apríl**. Skil á efni og auglýsingum í blaðið sem kemur út 30. apríl er fyrir hádegi **föstudaginn 26. apríl**.

Ánægjuleg uppskera Sunnlendinga á Nótunni

Lokatonleikar Nótunnar, upp-leskeruhátíðar tónlistarskólanna, fóru fram í Hofi á Akureyri laugardaginn 6. apríl sl. Á tónleikunum léku tónlistarskólarnemendur sem valdir höfðu verið úr hópi hundruða flytjenda á fernum svæðistónleikum Nótunnar í mars, en um 70 nemendur komu fram á lokatonleikunum í 24 atriðum.

Tónlistarskóli Árnesinga átti tvö atriði á lokatonleikunum og unnu bæði atriðin verðlaunagrip Nótunnar 2019 fyrir flutning sinn. Fulltrúar skólans voru Eyrún Huld Ingvarsdóttir, sem lék 1. þátt úr konsert í a-moll eftir Antonio Vivaldi á fiðlu,



Vignir Ólafsson kennari ásamt Rytmasveitinni No Sleep. F.v.: Gylfi Þór Ósvaldsson, Valgarður Uni Arnarson, Þröstur Ægir Þorsteinsson og Jakob Unnar Sigurðarson.

við undirleik Einars Bjarts Egilssonar og Rytmasveitinn No Sleep lék lagið Something eftir George Harrison, en hana skipa Gylfi Þór Ósvaldsson rafgítar, Jakob Unnar Sigurðarson rafbassi, Valgarður Uni Arnarson rafgítar og Þröstur Ægir Þorsteinsson trommur.

Gísella Hannesdóttir, nemandi Tónlistarskóla Rangæinga, hlaut einnig verðlaun Nótunnar en hún lék eigið verk á tónleikunum sem heitir Hinsta óskinn.

Að auki var Eyrún Huld önnur tveggja sem fékk viðurkenningu í formi þátttöku á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna á næsta starfsári.

Átta iðkendur í úrvalshópi FRÍ



Efri röð f.v.: Hildur Helga, Jónas, Eva María og Dagur Fannar (öll úr Umf. Selfoss). Fremri röð f.v.: Birta (Dímoni), Sindri (Heklu), Sebastian (Umf. Selfoss) og Unnsteinn (Þjótanda).

Átta iðkendur sem æfa með frjálsíþróttadeild Selfoss sóttu landsliðsæfingar Úrvalshóps FRÍ síðastliðinn sunnudag. Mikill metnaður var lagður í æfingarnar en sérhæfðir þjálfarar voru með hverja grein á morgunæfingu. Eftir hádegi voru tveir frábærir fyrirlestrar. Sá fyrri var

um næringarfræði hjá Friðu Rún Þórðardóttur og sá síðari hjá Pálmari Ragnarssyni um jákvæð samskipti. Í lok dags var þrek- og boðhlaupsæfing. Krakkarnir fara nú á fullt í að klára undirbúningstímabilið fyrir sumarið og verður spennandi að fylgjast með þeim á keppnistímabilinu.

Er gólfhitinn rétt stilltur?



Fáðu
fagmann
í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**
Selfossi • Sími 699 1985 • 823 6656



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

HYBRID



Framúrskarandi þjónusta við Toyota eigendur á Suðurlandi.

Toyota Selfossi Fossnesi 14 Selfossi Sími: 480-8000 www.toyotaselfossi.is



PALLA BALL



PÁSKAR 2019
HVÍTA HÚSIÐ 21. APRÍL

FORSALA Í GALLERÍ OZONE OG Á TIX.IS

HVÍTA HÚSIÐ

Brassrock með Lúðrasveitinni og landspekkum rokkurum

Lúðrasveit Þorlákshöfnar heldur tvenna stórtónleika í þessari viku. Um er að ræða tónleika með yfirskriftinni Brassrock þar sem Lúðrasveitin fær til sín tvo landspekka rokkara, það eru stórsöngvarinn Eyþór Ingi Gunnlaugsson og gítarleikarinn úr Skálmöld, Þráinn Árni Baldvinsson. Saman munu þau flytja nokkra af helstu rokkslögurum síðustu áratuga.

Þar munu hljóma lög eins og Show must go on, Higher and higher, Killing in the name með hljómsveitinni Rage Against the Machine, Kvaðning með Skálmöld og Fjöllin hafa vakað svo eitthvað sé nefnt.

Eyþór Ingi mun ekki aðeins vera í hlutverki söngvara á tónleikunum heldur mun hann einnig kynna þá og eins og margir vita þá eru formlegheitin ekki mikið að þvælast fyrir honum og nokkuð víst að gestir munu ýmist taka andköf eða springa úr hlátri á milli laga.



Eins og áður sagði er um tvenna tónleika að ræða. Fyrri tónleikarnir verða í Seljakirkju miðvikudagskvöldið 10. apríl og þeir seinni í Íþróttamiðstöðinni í Þorlákshöfn laugardaginn 13. apríl kl. 15. Það vakti athygli að Lúðrasveitin færði tímasetninguna til kl. 15 á laugardagstónleikunum til þess að meðlimir úr

hljómsveitinni og aðrir Þorlákshafnarbúar geti alveg örugglega fjölmennt í stúkurnar í Vesturbænum seinna um kvöldið, þar sem þriðji leikur Þórs Þorlákshafnar við KR í undanúrslitum Dominos deildarinnar verður og nauðsynlegt að sem flestir mæti til að hvetja strákana áfram!

ÚT G Á F U D A G A R um páskana

Um páskana kemur Dagskráin út þriðjudaginn 16. apríl og þriðjudaginn 30. apríl. Skil á efni og auglýsingum í blaðið sem kemur út 16. apríl er fyrir hádegi föstudaginn 12. apríl. Skil í blaðið sem kemur út 30. apríl er fyrir hádegi föstudaginn 26. apríl.

WECKMAN STURTUVAGNAR WS 130 - 13 tonna



H. HAUKSSON EHF.

H. Hauksson ehf.

Sími 588 1130

hhaukssonehf@simnet.is

Samskiptanefnd pólska þingsins heimsótti Vallaskóla

Fimmtudaginn 28. mars sl. fékk Vallaskóli á Selfossi góða heimsókn en það var hópur þingmanna frá Póllandi. Með í för var pólski sendiherrann, Gerard Pokruszynski, og Margrét Adamsdóttir, ritari sendiherra, sem einnig var túlkur hópsins.

Eftir ferð um uppsveitir Árnessýslu kom hópurinn við í Vallaskóla þar sem skólastjórnendur, bæjarstjóri, sviðsstjóri fjölskyldusviðs og pólskukennarar Vallaskóla tóku á móti þeim og kynntu kennslufræðilegar áherslur og húsnæði skólans. Hópurinn kom við hjá nemendum sem voru í pólskukennslu hjá Anetu Figlarska og Magdalenu Markowska. Þar áttu þingmenn gott spjall við nemendur og hrifust þeir að því að pólskukennsla væri í boði í Árborg. Þingmenn höfðu á orði að ef einhverjir kæmu til Póllands þá væru þeir velkomnir í pólska þingið í Varsjá. Þá færði þingmannahópurinn skólanum bókagjöf og að sjálfsögðu stilltu gestir og gestgjafar sér upp til myndatöku.



Pólska sendinefndin ásamt pólskum börnum í Vallaskóla.



Samskiptanefnd pólska þingsins ásamt nokkrum skólamönnum úr Árborg.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

VOR Í ÁRBORG

VOR Í ÁRBORG

Bæjar- og menningarhátíð haldin 25. – 28. apríl í Sveitarfélaginu Árborg. Fjöldi sýninga, tónleika og annarra viðburða fyrir alla fjölskylduna.

„Gaman saman“ leikurinn á sínum stað.

Nánar um hátíðina á www.arborg.is.

www.arborg.is



KEEP
CALM
AND
GO
SHOPPING

ÚTSÖLU OG FLÓAMARKAÐUR

Okkar vinsæli útsölu og flóamarkaður verðu haldinn
að Austurvegi 9, kjallara föstudag og laugardag nk.
Opið föstudag frá kl. 10-18 og laugardag frá kl. 11-16.
Hlökkum til að sjá ykkur.

Motivo

Hönnun, tíska og qjafavara

Austurvegi 9 Selfossi S. 482 1700 Motivo.is



LJÓSMYNDAPRENTUN

PRENTAÐU MINNINGARNAR ÞÍNAR HJÁ OKKUR!

Sendu myndirnar í tölvupósti
eða komdu með gömlu filmurnar
og við skönnum þær fyrir þig!



prentmet
HRADI - GAEDI - PJONUSTA

Sími 482 1944
selfoss@prentmet.is
Eyravegur 25, Selfoss

TIL SÖLU



LITLA HOF
www.litlahof.is

822 1717
ingi@jarnprydi.is

**Íbúðarlóðirnar eru eignarlönd
en hægt er að sækja um lögbýli.**

Stutt er í alla þjónustu á Hellu eða Hvolsvelli. Matvöruverslanir, sundlaugar, læknisþjónusta, vínúð, byggingavöruverslanir og veitingastaðir.

Hella er 14 km frá og Hvolsvöllur er 11 km frá Litla Hofi.

Golfvöllur er á Strönd, 8 km frá Litla Hofi.

Helstu náttúruperlur sem eru nálægar eru til að mynda Fjallabak, Hekla, Tindfjallajökull, Þórsmörk o.fl.

Lóðirnar eru stórar og þar af leiðandi er byggingarmagn mikið. Byggja má allt að 350 fm einbýli, 120 fm gestahús, 120 fm bílskúr/vinnuskúr og 40 fm garðhús/áhaldaús.

Seljandi skilar vegi, köldu vatni, rafmagni og ljósleiðararörri að lóðamörkum.



Fjölmennasta Flóahlaupið frá upphafi

41. Flóahlaupið fór fram við Félagslund í Flóahreppi laugardaginn 6. apríl sl. Keppendur voru 114 talsins og er það næst fjölmennasta hlaupið frá upphafi. Keppt var í 3 km hlaupi 14 ára og yngri í flokki pilta og stúlkna. Sigurvegarar í því voru Sigurjón Reynisson Umf. Þjótanda á 13:39 mín. og Andrea Arnarsdóttir FH á 19:09

mín. Í 5 km hlaupi karla sigraði Vilhjálmur Þór Svansson ÍR 16:36 mín. og í kvennahlaupinu sigraði María Birkisdóttir FH á 19:21 sek. Í 10 km hlaupi karla sigraði Vignir Már Lýðsson ÍR á 34:38 mín. og kvennaflokkinn sigraði Fríða Rún Þórðardóttir á 41:41 mín. Einnig voru veitt verðlaun í einstökum aldursflokkum en öll úrslit má sjá á

hlaup.is. Að hlaupi loknu var öllum boðið til kaffisamsætis í Félagslundinu þar sem allir gerðu veitingunum góð skil eins og vant er. Styrktaraðilum hlaupsins er þakkað sérstaklega fyrir þeirra framlag en þeir voru að þessu sinni: Nettó, HP kökugerð, MS, Vífilfell, AB-Skálinn, Set og Vélsmíðja Suðurlands. Myndir GÓ og SS.



Karlar greinast líka með krabbamein

Hópur félaga í Krabbameinsfélagi Árnessýslu hittist reglulega í hverri viku í húsnæði Rauða krossins á Selfossi og nýtur jafningjastuðnings og góðrar samveru. Einn daginn, mitt í miðju kaffispjallinu, kemur upp sú spurning hvar allir karlarnir séu! Við stelpurnar beinum spurningunni að eina karlinum í hópnum og vonumst til þess að hann hafi svörin. Tölulegar staðreyndir sýna okkur að 10% þeirra sem greinast með krabbamein, á landsbyggðinni, búa á Suðurlandi. Það staðfestir að karlar á Suðurlandi greinast líka með krabbamein! Við gerum ráð fyrir að þeir, rétt eins og við konurnar, upplifi mikinn tilfinningarússibana og þurfi ráðgjöf og stuðning í gegnum ferlið. Þessir menn eiga líka fjölskyldur, rétt eins og við konurnar.

Krabbameinsfélag Árnessýslu hefur á síðustu árum vaxið mikið og er starfsemi þess sífellt að verða fjölbreyttari og öflugri. Félagið er fyrir þann sem hefur nýlega greinst með krabbamein, þann sem er í miðri

meðferð og líka þann sem hefur fyrir löngu lokið meðferð. Jafnt fyrir karla sem konur og ekki síður fyrir aðstandendur. Félagið hefur sem fyrr segir, staðið fyrir vikulegum samverum þar sem félagar koma saman til að spjalla, deila reynslu, læra og fræðast hver af öðrum en einnig til að fá fræðslu sem viðkemur krabbameinum og öllu ferlinu í kringum það. Drukkið er kaffi og gætt sér á súkkulaði í góðra vana hópi. Í samvinnu við Golfklúbb Selfoss býður félagið upp á vörðunum þeim að kostnaðarlausu, niðurgreiðsla er á jógaiðkun auk þess sem félagið kemur til móts við sína félaga á margan hátt hvað varðar fjárhagslegan stuðning. Þetta er skemmtilegur félagsskapur þar sem allir eiga eitthvað sameiginlegt, allir koma á sínum eigin forsendum og öllum er sýnd virðing, traust og skilningur.

Við viljum mæta þjónustuþörf karla með krabbamein og aðstandenda þeirra. Við vitum af þessum hópi úti í samfélaginu,

heyrum um þá og við viljum fá þá í félagið. Þess vegna fer félagið af stað með sérstakan karlahitting nú í apríl og mun umsjón með hópnum vera í höndum karlmanna með reynslu og þekkingu af því að greinast með krabbamein. Hópurinn er hugsaður sem jafningjastuðningur, fræðsla og góð samvera.

Ef þú ert karlmaður sem hefur greinst með krabbamein, þá hvetjum við þig til að mæta í karlahitting fimmtudaginn 25. apríl kl.18:00 í húsnæði Rauða krossins á Selfossi að Eyravegi 23. Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi starfsemi félagsins hvetjum við þig til að senda okkur póst á arnessysla@krabb.is finna okkur á Facebook undir nafninu Krabbameinsfélag Árnessýslu eða hringja í starfsmann félagsins í síma 788 0300 (Erla).

Fyrir hönd
Krabbameinsfélags Árnessýslu,
Svanhildur Ólafsdóttir,
formaður.



Sunnlenski matgæðingurinn



Matgæðingur vikunnar er
Lárus K. Guðmundsson.

Ég vil byrja á því að þakka félagamínunum Jóni Þór fyrir að skora á mig að vera matgæðingur vikunnar.

Í áskorun Jóns Þórs segir hann að ég komi svo oft með gírnilegan mat í vinnuna; konan mín, hún Kristjana Sigurveig, á nú mestann heiðurinn af þeim veislumat.

Þó að Kristjana eldi örugglega í 95% tilfella á okkar heimili á ég þó mína kafla í eldhúsinu.

Mér þykir mjög gaman að grilla og er þá alveg sama hvort það er sumar eða vetur.

Ég er svo heppinn að vera í matarklúbbi sem heitir Hið íslenska Weber-félag.

Þetta eru félagar með strangar hefðir og reglur og fær ekki hver sem er að vera meðlimur, en félagið samanstandur af fjórum fjölskyldum.

Alltaf er þó hægt að reyna að nálgast aðild í félagið.

Fyrsta skilyrðið fyrir því að komast í þetta félag er að eiga Weber-grill. Aðrar kröfur eru ekki gefnar upp hér.

En ef við snúum okkar af eldamennskunni þá er lambakjöt í miklu uppáhaldi hjá mér og minni fjölskyldu. Ósjaldan er lambalæri á borðum hjá okkur á sunnudögum.

Grillað lambalæri með bláberja- og hunangsmarineringu

Maukið bláber, kryddjurtir, hunang og hvítlauk gróflaga saman. Kryddið með salti og pipar. Skerið raufar í lærið og hellið marinerungunni yfir. Leyfið síðan kjötinu að marinerast í klukkustund eða yfir nótt, eftir því sem tími leyfir.

Hitið grillið. Leggið kjötið síðan á grillið og slökkvið á brennaranum sem er á þeim helmingi sem kjötið liggur á.

Þá þarf ekki að þakka því inn í álpappír og kjötið fær dásamlegt grillbragð.

Grillið í um 1½ til 2 klst. eftir þyngd eða þar til kjöthitamælirinn sýnir um 72°C.

Mikilvægt er að snúa kjötinu reglulega á um 20 til 30 mínútna fresti.

Það sem til þarf er:

2 – 2½ kg lambalæri (helst að norðan)
2 dl bláber (fersk eða frosin)



Lárus Kristinn Guðmundsson.

2 msk. hunang
2 stíklar rósmarín
4 stíklar timían, laufin tekin af
4 hvítlauksrif
salt og pipar
olía

Með þessu grilla ég svo sætar kartöflur sem ég sker í strimla á álbakka ég set yfir þær smá matarolíu, salt og pipar til að fullkomna þær.

Góðu kjöti þarf að fylgja góð sósá og er sveppasósá í miklu uppáhaldi hjá okkur.

Laukur og hvítlaukur saxaðir smátt, sveppir sneiddir og allt steikt í potti upp úr smjöri. Nautakrafti bætt við. Hiti lækkaður aðeins og piparosti og rjómaosti bætt út í og látið bráðna. Rjóma bætt út í ásamt rífsberjahlaupi og sojasósu og suðan látin koma upp. Sósujafnara bætt út í og sósan látin malla á vægum hita þar til hún þykkar (sósulit bætt út í til að fá dekkri lit). Sósan smökkuð til með kryddi, rífsberjahlaupi, sojasósu og/eða nautakrafti.

Sveppasósá

1/2 rauðlaukur
1 til 2 hvítlauksrif
sveppir, fjöldi eftir smekk
1 nautakraftur
1/2 piparostur
2-3 msk. rjómaostur
4 dl rjómi (eða matreiðslurjómi)
2 tsk. rífsberjahlaup (heimagert)
2 tsk. sojasósá
sósujafnari
salt og pipar (eftir smekk)

Með þessu er svo gott að hafa salat, ég sker ofast niður gúrku, kál, rauðlauk, rauða papríku, blaðlauk, jarðarber og set í skál. Yfir salatið sett ég svo fetaost og mikilvægt er að setja líka olíuna af fetaostinum.

Í eftirrætt er svo mikilvægt að fá sér mjúkis frá Kjörís og Mars-íssósu til að fullkomna máltíðina.

Að lokum langar mig að skora á Hauk Grönli varaslökkviliðsstjóra hjá Brunavörnum Árnessýslu að vera næsti matgæðingur. Ég veit að Haukur er mikill sælkeri og ekki leiðist honum að galdra fram glæsímáltíðir.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dagskrain@prentmet.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, fax 482 2835, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjórn: Örn Guðnason, sími 856 0672, orn@prentmet.is.
Bláðamaður: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@prentmet.is. Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, katla@prentmet.is.
Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfoss, fyrir hádegis á mánudögum. Upplag 9700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.



ISSN 1670-407X

Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnaðgátur-höf. Páll Jónasson - Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Gáta vikunnar

Kappar hraustir klífa hann,
kveikjuneista deilir hann,
allir smiðir eiga hann,
í eyru lamba skorinn hann.

Svo er eitt af okkar skáldum, alltaf kennt við hann.

Svar við gátu í blaði 2493: **BINDI.**

1. lína: kornbindi - 2. lína eitt bindi í ritröð

Lífskjarasamningurinn 2019-2022

Pann 3. apríl sl. voru undirritaðir kjarasamningar á almennum markaði. Kjarasamningur Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins vegna almennra starfa og í ferðaþjónustu. Öll félög innan SGS skrifuðu undir þennan kjarasamning sem nær til 40.000 félagsmanna. Báran, stéttarfélag og Verkalýðsfélag Suðurlands eru aðilar að samningi þessum.

Helstu atriði nýs kjarasamnings

Kjarasamningarnir gilda frá 1. apríl 2019 – 1. nóvember 2022

Kauptaxtar hækka sérstaklega

- ▶ 1. apríl 2019 17.000 kr. á mánuði
 - ▶ 1. apríl 2020 24.000 kr. á mánuði
 - ▶ 1. janúar 2021 24.000 kr. á mánuði
 - ▶ 1. janúar 2022 25.000 kr. á mánuði
- Lægstu laun hækka mest – 30% hækkun á lægstu taxa
 - Aukið vinnustaðalýðræði með möguleika á verulegri styttingu vinnutímans (mestu breytingar í tæpa hálfa öld)
 - Eingreiðsla upp á 26 þúsund kr. sem kemur til útborgunar í byrjun maí 2019
 - Skilyrði sköpuð fyrir verulegri vaxtalækkun á samningstímanum
 - Skattbyrði hinna tekjulægstu lækkar um 10 þúsund kr. á mánuði

Nýtt – Tenging við hagvöxt sem tryggir launafólki hlutdeild í verðmætasköpun
Nýtt – Launaþróunartrygging ef launaskrið verður á almennum vinnumarkaði

Rafræn atkvæðagreiðsla um kjarasamningana mun verða dagana 12. – 23. apríl. Félagsmenn geta ýmist greitt atkvæði með íslykli, rafrænum skilríkjum eða komið á skrifstofu félaganna og greitt atkvæði. Kynningarefni verður á heimasíðum félaganna og haldnir verða kynningarfundir. Félagsmenn sem óska eftir að fá kynningu á vinnustaðnum sínum vinsamlegast hafið samband við skrifstofu félaganna; Báran, stéttarfélag, sími 480 5000 og Verkalýðsfélag Suðurlands, sími 487 5000.

Kynningarfundur vegna kjarasamninganna verður hjá Bárunni, stéttarfélagi mánudaginn 15. apríl kl. 18:00 í fundarsal félagsins að Austurvegi 56, Selfossi.

Kynningarfundur vegna kjarasamninganna verður hjá Verkalýðsfélagi Suðurlands mánudaginn 15. apríl kl. 17:00 á Hótel Höfðabrekku og þriðjudaginn 16. apríl kl. 17:00 í fundarsal félagsins að Suðurlandsvegi 1-3 á Hellu.

Báran, stéttarfélag og Verkalýðsfélag Suðurlands.



Til sölu

Vandaðar heimasníðaðar kerrur.
Smíða einnig eftir máli fyrir fólk.
Sími 892 9825.



Hugheilar þakkir til allra sem hafa sýnt okkur samúð og vináttu við andlát móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

KRISTRÚNAR SIGURFINNSDÓTTUR
fyrirverandi húsfreyju
Efsta-Dal 1.

Einnig færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Ási, Hveragerði, þakkir fyrir umönnun og hlýju. Guð blessi ykkur öll.

Sigurfinnur Vilmundarson **Margrét J. Þórarinsdóttir**
Theodór I. Vilmundarson **Ragnheiður B. Sigurðardóttir**
Gunnar Vilmundarson **Jóna Bryndís Gestsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn



Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Helgason
Seglbúðum,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Klausturhólum þann 2. apríl sl.
verður jarðsunninn frá Prestsbakkakirkju á Síðu,
laugardaginn 13. apríl kl. 13:00.

Guðrún Þorkelsdóttir

Björn Sævar Einarsson **Guðrún Marta Torfadóttir**
Helga Dúnu Jónsdóttir **Þórarinn Bjarnason**
Bjarni Þorkell Jónsson **Gréta Rún Árnadóttir**
barnabörn og langafastrákurinn.



Búum vel

Erindi sem fjalla um heilsu og vinnuvernd bænda

Fundur haldinn mánudaginn 15. apríl kl. 20.00
í Félagsheimilinu Brautarholti, Skeiðum.

Dagskrá:

Guðmundur Hallgrímsson, fjallar um verkefnið „Búum vel“.
Pétur Skarphéðinsson, læknir, fjallar um vinnuumhverfi bænda.
Hugrún Vignisdóttir, sálfræðingur, fjallar um þunglyndi og kvíða,
byrjunareinkenni og hvað sé til varnar.

Kvenfélögin bjóða upp á veitingar í hléi.
Hvetjum alla til að mæta!

Kvenfélag Gnúpverja,
Kvenfélag Skeiðamanna,
Búnaðarfélag Gnúpverja,
Búnaðarfélag Skeiðamanna og
Bændasamtök Íslands.

Gaman í garðinum



Kjarrlendi og beit

Margir tengja trjágróður við notalegt umhverfi og skjól. Það er helst í og við þéttari byggð sem við sjáum trjágróður, en margt hefur verið ritað og rætt um ástæður þess.

Hæðardrög og fjöll gefa ákveðið skjól og fjölbreyttara en gengur og gerist á flatlendi, en þar geta líka myndast vindstrengir með fjöllum og eftir dölum.

Á flatlendi er vindafar ögn einsleitara, þ.e. vindur er jafnari og minna um vindstrengi en einnig er þar minna um gott skjól eins og á milli hæðardröga og fjalla.

Snjóöfnun fylgir skjólinu upp að vissu marki. Þegar um stærri kjarri eða skógi vaxið svæði er að ræða, landshluta, heil héruð eða sveitir, þá safnast snjóinn fyrir á jaðarsvæðum og lítill hluti hans fer innar, sem við getum betur nýtt okkur ef við búum á flatlendi.

Víða í Árborg eru svæði þar sem víðgróður hefur tekið sér bólfestu. Það mun hafa gerst vegna þess að þau hafa ekki verið nýtt til beitar. Án sérstakrar umhirðu, getur þessi trjágróður náð 2-4 m hæð. Það er því ekki réttlætunlegt með neinum hætti að nota þessi svæði til beitar, ef einhver áhugi er á því að



Varnaraðgerðir gegn skjólmyndun við Eyrarbakka?

mynda skjól og aðlaðandi umhverfi. Þegar takmarkaðir fjármunir eru til að undirbúa framtíðar byggingarland þéttbýlis, er í það minnsta lágmarkið að valda ekki frekari skaða. Væri deiglendið í nokkurra kílómetra radius í kringum Selfoss, vaxið 2-4 m háu kjarri:

1. Væri vindur hægari.
2. Snjóöfnun minni.
3. Meira skjól.
4. Upphitunarkostnaður hífýla okkar lægri.
5. Hitastig í bænum hærra.

Fyrstu aðgerðir til undirbúnings byggingarlands í þéttbýli ættu í öllum tilfellum að vera friðun og skipulag landnotkunar. Því næst er ræktun trjágróðurs góð fjárfesting, sjá 5 atriði hér að ofan.

Mér rennur til rifja að sjá kjarri vaxin svæði nýtt til beitar. Ýmsar aðstæður geta valdið rofi

í gróðurþekju, en yfirleitt er augljóst hvort um rof vegna ágangs búfjár er að ræða eða hvort veðurfari er um að kenna. Kjarngróður hverfur á fáum árum af svæðum sem nýtt eru til beitar, sama hver búfjártegundin er. Runnar og kjarri vaxa ekki á svæðum sem eru nýtt til beitar.

Víða má ganga lengra í að framfylgja áætlunum um nýtingu lands til beitar. Eflaust munu nú þegar liggja fyrir gróðurkort fyrir Árborg og eins afmörkun og notkun beitarhólfa. Þetta tvennt dugar til fyrstu aðgerða varðandi það að lágmarka frekari skaða á kjarri- og graslendi.

Nánari upplýsingar:
Benedikt Björnsson 892 7709
og benni@sjalfbaer.com.

Verktakaréttur

Ágreiningur milli verkkaupa og verktaka ratar stundum til dómstóla. Í nokkrum þeim málum snýr ágreiningur aðila um aukaverk, þar sem verktaki krefst endurgjalds fyrir aukið umfang, þ.e. efni og vinnu á verkþáttum sem ekki voru tilgreindir í samningi milli aðila. Á móti kann verkkaupi að hafa uppi gagnkröfu á hendur verktaka til skuldajafnaðar á grundvelli þess að verkskilum hefur seinkað.

Eðli málsins samkvæmt fela aukaverk í sér aukið umfang á verki sem getur orðið til þess að verkáætlun fari úr skorðum og verkskilum seinkar. Þrátt fyrir að verktaki vinni aukaverk sem hefur þau áhrif að verkskilum seinkar um nokkra daga, vikur eða jafnvel mánuði, þá dugar það ekki eitt og sér til þess að verkíðanum verði sjálfkrafa framlengt sem því nemur. Því skilyrt er, ef verktaki vill fá lengri verkíðu, þá verður hann krefjast

þess sérstaklega með tilkynningu og rökstyðja á hvaða grundvelli hann byggir kröfuna, sbr. ákvæði 5.2.2. og 5.2.3 í ÍST 30. Í fyrria ákvæðinu eru taldar upp, í fjór- um staflíðum, þær aðstæður sem verktaki getur byggt á til þess að fá lengri verkíðu, sbr.: a) ef breytingar hafa orðið á verkinu og þær seinka framkvæmdum, t.d. vegna aukaverka, b) ef verki hefur seinkað vegna atriða sem varðar verkkaupa, t.d. ef seinkun verður á teikningum, efni, tæki eða öðru sem snýr að verkkaupa, c) ef óviðráðanleg atvik koma upp sem ekki má rekja til verktaka, t.d. útaf verkfalli, verkbanni, eða öðrum þáttum sem tálma framkvæmdum, d) ef tíðarfarar er sérstaklega óhagstætt miðað við árstíma og að það raski framkvæmdum verulega frá verkáætlun verktaka.

Í samræmi við framangreint borgar það sig fyrir verktaka að krefjast lengri verkíðu með



Andri Björgvin Arnþórsson.

rökstuddri tilkynningu jafn- óðum og verkíðu seinkar, að öðrum kosti getur hann þurft að bera þann kostnað sjálfur. Þetta á sérstaklega við ef ÍST 30 er hluti af samningi aðila.

Andri Björgvin Arnþórsson,
lögfræðingur hjá Lögvernd
Lögmannsstofu.
www.verktakarettur.is.



Fyrirtækjadagar A4

á Selfossi 10. – 17. apríl

Verið velkomin nýja og stærri verslun A4 Austurvegi 24.

Starfsfólk fyrirtækjapjónustu A4 verður á staðnum föstudaginn 12. apríl og veitir ráðgjöf í verslun.

- Gestum og gangandi boðið upp á kaffi og kleinur.
- Spennandi tilboð á ritföngum, prentara og stólum þessa daga.
- Tilboðin gilda 10. - 17. apríl

A4 Krínglunni / A4 Skeifunni / A4 Smáralind / A4 Hafnarfirði / A4 Akureyri / A4 Egilsstöðum / A4 Selfossi
www.a4.is / Þú getur einnig fylgt okkur á [Facebook](#), [Pinterest](#) og á [Instagram](#)

A4



Kórstjóri óskast

Félag eldri borgara Hveragerði leitar að stjórnanda fyrir kór félagsins, Hverafugla.

Áhugasamir hafi samband við Grétu Úrban, í síma 848 8628, sem gefur allar nánari upplýsingar.



VORTÓNLEIKAR

Karlarórs Rangæinga ásamt Óskari Péturssyni verða sem hér segir:

- 9. apríl í Salnum kl. 20.00
- 10. apríl í Skálholti kl. 20.00
- 11. apríl í Þykkvabæ kl. 20.00
- 12. apríl á Kirkjubæjarklaustri kl. 17.00

Opin æfing verður í Leikskálum í Vík á leiðinni til Klausturs og hefst hún kl. 13.00. Allir velkomnir.



Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir

Stjórnandi: Guðjón Halldór Óskarsson
Undirleikari: Glódís Margrét Guðmundsdóttir
Miðaverð 3000 krónur



Sunnulækjarskóli

Við Sunnulækjarskóla á Selfossi eru lausar stöður umsjónarkennara á yngsta- og miðstigi, stöður kennara á elsta stigi og staða kennara í hönnun og smíði frá og með næsta hausti. Meðal kennslugreina á elsta stigi eru stærðfræði, tungumál og náttúrufræði.

Í skólanum eru um 720 nemendur og þar er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymi- og samvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is>

Umsóknarfrestur er til 22. apríl 2019 en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2019.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaradilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulækjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

Skólastjóri

Rannsóknarsetur á Laugarvatni

Formleg opnun rannsóknarseturs um sveitarstjórnarmál fór fram á Laugarvatni 5. apríl sl. við hátíðlega athöfn. Þessi opnun markar ákveðin tímamót þar sem rannsóknir á sveitarstjórnarstiginu eru settar á hætti og metnaðarfullri stall en verið hefur. Það er okkur í Bláskógabyggð og á öllu Suðurlandi mikil ánægja að rannsóknarsetrinu hafi verið valinn staður á Laugarvatni. Á heimasíðu setursins kemur fram að markmið þess sé að styrkja sveitarstjórnarstigið á Íslandi með markvissum rannsóknum á sveitarstjórnarstiginu og með námi og fræðslu sem styður við fagþróun í stjórnsýslu sveitarfélaga og þéttbýlisfræðum.

Á Laugarvatni eru nú starfrækt tvö rannsóknarsetur en fyrir er Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Suðurlandi. Rannsóknarsetrið hóf starfsemi sína

Helgi Kjartansson,

oddviti Bláskógabyggðar.



á Laugarvatni haustið 2017. Á rannsóknarsetrinu eru stundaðar margvíslegar rannsóknir á landnotkun og vistkerfum. Þá eru einnig stundaðar metnaðarfullar rannsóknir á farfuglum í tengslum við rannsóknirnar á landnotkun. Á setrinu eru tveir fastráðnir starfsmenn auk doktors- og meistaranema. Fyrir stuttu var ársfundur Stofnunar rannsóknarsetra Háskóla Íslands haldinn á Laugarvatni. Á fundinum voru haldin mörg áhuga-verð erindi er tengjast starfi rannsóknarsetra um allt land.

Þessi tvö rannsóknarsetur

þarf að styrkja, efla og útvíkka á næstu misserum. Aðstaðan sem rannsóknarsetrin hafa í Háskóla Íslands á Laugarvatni er mjög góð. Það eru því ekki húsakynnin sem hamla því að rannsóknarsetrin geti vaxið og dafnað svo ekki sé talað um það góða samfélag sem hér er til staðar.

Rannsóknarsetur eru víða um land og setja þau ákveðinn svip á það samfélag þar sem þau eru. Með rannsóknarsetrunum fylgir alltaf þekking sem styrkir innviði samfélagsins og gerir þau fjölbreyttari. Það þarf að sýna það meira í verki að fara störf út á land, með því eykst menntunarstig, samfélögin verða fjölbreyttari og byggðirnar sterkari. Ég vil á þessum tímamótum óska okkur öllum á Suðurlandi til hamingju með rannsóknarsetrin á Laugarvatni.

Ofbeldi er brot gegn mannhelgi

Það skiptir ekki höfuðmáli hverrar tegundar ofbeldið er, afleiðingar þess geta verið alveg þær sömu fyrir þann sem brotið er gegn. Afleiðingarnar fara heldur ekki eftir því hversu „alvarlegt“, langvinnt eða mikið ofbeldið er heldur er það afdrifaríkast að í ofbeldinu felst að brotið er gegn mannhelgi viðkomandi og að traust og persónuleg öryggistilfinning biður varanlegan skaða. Það eitt og sér skekur allan tilverugrundvöll manneskjunnar. Undirliggjandi er ávallt valdaójafnvægi milli þolenda og gerenda. Þetta er hluti af þeim ályktunum sem starfsmenn Drekaslóðar hafa dregið eftir að hafa tekið á móti um 2000 þolendum ofbeldis á þeim níu árum sem liðin eru frá stofnun samtakanna.

Í vel sóttum fyrirlestri Thelmu Ásdísardóttur frá Drekaslóð sem haldinn var í FSu á dögunum fjallaði hún um ofbeldi í öllum myndum og áhrif þess á líðan, sjálfsmynd og sjálfsvirðingu og hæfnina til að upplifa nánd á jafningjagrunðvelli, þar með talið í kynlífi.

Drekaslóð tekur á móti þolendum ofbeldis af báðum kynjum. Ofbeldið sem skjólstæðingar Drekaslóðar greina frá er kynferðislegt, andlegt og lík-

amlegt, en einnig í formi eineltis og jafnvel vanrækslu af hendi foreldra í æsku. Hvort sem það er af þessum sökum eða öðrum þá er hlutfall karlmannna meðal skjólstæðinga hátt sé miðað við önnur samtök sem aðstoða þolendur ofbeldis. Um fjórðungur skjólstæðinga eru karlmenn og er hluti þeirra að glíma við afleiðingar ofbeldis af hálfu kvenna, ýmist mæðra sem beitt hafa þá ofbeldi í æsku eða maka í parasambandi. Er þá oft um að ræða andlegt ofbeldi, en einnig eru dæmi um alvarlegt líkamlegt ofbeldi af hálfu kvenkyns maka. Með þessu er komið inn á mjög viðkvæmt svæði, því það getur gengið mjög afdráttarlaust gegn hugmyndum þolandans sjálfs og samfélagsins um karlmennsku og kvenleika að konur geti beitt karlmenn ofbeldi. Thelma lagði í fyrirlestrinum áherslu á að afleiðingar ofbeldisins séu fullkomlega sambærilegar hjá báðum kynjum. Megininntak þess ferlis að ná bata og frelsi á ný sé að endurheimta sitt persónulega vald sem felst m.a. í að geta sett skýr mörk og varið þau.

Ljóst varð af fyrirlestri Thelmu að íslenskt samfélag er enn á þeim stað að rjúfa þöggum um ofbeldi af öllum tegundum óháð kyni gerenda og þolenda



Thelma Ásdísardóttir.

og viðurkenna umfang vandans. Það sést til dæmis á því að opinberar fjárveitingar til Drekaslóðar eru af skornum skammti. Fjárveldið ræður því að samtökin hafa einungis yfir þremur föstum starfsmönnum að ráða og biðlisti eftir viðtölum er allt að tveimur árum. Þannig er eftirspurnin enn mun meiri en framboðið á þjónustu, jafnvel þótt meðvitund samfélagsins um nauðsyn hennar hafi tekið stakkaskiptum á liðnum árum.

Fyrirlestur Thelmu Ásdísardóttur var haldinn í boði Soroptimistaklúbbs Suðurlands, sem hefur að markmiði að vinna að hagsmunum stúlkna og kvenna og samfélagsins alls.

Loftslagsverkfall á Suðurlandi

Hin sænska Greta Thunberg sá ekki tilgang í því að ganga menntavegin þegar framtíð hennar og komandi kynslóðar er ekki tryggð og hóf hún því að skröpa í skólanum á föstudögum og mæta þess í stað ein fyrir utan þinghús Svía og mótmæla. Hún hóf Loftslagsverkfallið (s. Skolstrejk för klimatet) síðastliðið haust en hefur nú orðið andlit og tals-

maður ungs fólks um allan heim sem krefja yfirvöld til að bregðast við hættunni og taka til aðgerða. Yfir milljón nemendur hafa nú tekið þátt í mótmælum í anda Gretu í yfir 125 löndum í öllum heimsálfum. Loftslagsverkföll hafa verið haldin á fjórum stöðum um Ísland undanfarna föstudaga kl.12. Greta hefur m.a. komið fram í TEDtalk og talað fyrir Sameinuðu þjóðunum og hefur

nú verið tilnefnd til friðarverðlauna Nóbels fyrir sitt framlag í baráttunni við vandann. Engin skipulögð verkföll hafa farið fram á Suðurlandi en Umhverfis Suðurland myndi gjarnan vilja heyra af því og taka þátt! Allir geta lagt sitt af mörkum með því að taka upp grænni lífsstíl og vekja athygli á málinu. Nánari upplýsingar á umhverfissudurland.is



Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar Kirkjubæjarklaustri auglýsir eftir starfsmönnum í eldhús

Um er að ræða framtíðarstarf Matráðs. Gott væri að viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi. Einnig er um að ræða afleysingu aðstoðarmanns í eldhúsinu í sumar.

Viðkomandi þarf að geta talað íslensku, kunna til verka og hafa góða framkomu.

Upplýsingar veitir:
Matthildur Pálsdóttir, hjúkrunarforstjóri
klausturholar@klaustur.is
487 4870 og 898 6544



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Sólheimar í Grímsnesi Laus störf

Nánari upplýsingar:
Jón Tryggvi Jóhannsson,
launa- og mannauðsfulltrúi.
jon.johannsson@solheimar.is
Sími 422 6002

Umsjónarmaður verslunar og kaffihúss

Sólheimasetur ses. óskar að ráða starfsmann til þess að hafa umsjón með rekstri verslunarinnar Völu og kaffihússins Grænu könnunnar á Sólheimum, sem staðsett eru í sama húsi. Um er að ræða 100% framtíðarstarf í dag- og helgarvinnu, þar sem vinnutími er að jafnaði frá kl. 10:00- 18:00 virka daga og vinnu aðra hvora helgi frá kl. 13:00 – 17:00.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Umsjón með daglegum rekstri og kassauppgjöri
- Umsjón með mönnun og vaktaskipulagi
- Ábyrgð á innkaupum, framleiðslu og þrifum
- Almenn þjónustustörf og annað sem til fellur

Hæfniskröfur:

- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Rík þjónustulund
- Reynsla af afgreiðslu- og þjónustustörfum
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Viðkomandi þarf að hafa náð 20 ára aldri

Gistiheimili þrif og þjónustustörf - sumarafleysingar

Helstu verkefni:

- Herbergisþrif
- Þvottur
- Umsjón morgunmatar
- Ýmislegt annað sem til fellur

Hæfniskröfur:

- Æskilegt að umsækjandi hafi reynslu af vinnu við þrif og á gistiheimilum
- Viðkomandi þarf að vera þjónustulundaður, lausnamiðaður og geta unnið sjálfstætt
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Drifkraftur og útsjónarsemi við skipulagningu daglegra verkefna
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Starfsmenn í verslun og kaffihús (Vala og Græna kannan) - sumarafleysingar

Vantar kraftmikla og þjónustulundaða sumarstarfsmenn í verslun og kaffihús á tímabilinu frá maí til loka ágúst. Um er að ræða störf í dag- og helgarvinnu. Starfshlutfall 60 – 100%.

Helstu verkefni:

- Afgreiðsla og önnur störf í verslun/gallerí
- Þjónusta og afgreiðsla í kaffihúsi
- Undirbúningur veitinga fyrir kaffihús
- Almenn þrif
- Ýmislegt annað sem til fellur
- Aðstoð í eldhúsi eftir þörfum

Hæfniskröfur:

- Þjónustulund, drifkraftur og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta er æskileg
- Lipurð, jákvæðni og sveigjanleiki til að sinna fjölbreytilegum störfum



Opið hús - Austurvegur 51

Laugardagurinn 13. apríl frá kl. 13 - 16

Aðeins 4 íbúðir eftir

Um er að ræða 4 íbúðir sem ætlaðar eru fyrir 55 ára og eldri. Íbúðirnar eru frá 88 fermetrum í 137 fermetra. Allar íbúðir eru með vönduðum innréttingum, svalalokun, bílastæði í upphitaðri bílageymslu, mynddyrasíma og hleðslueiningu í hverju bílastæði. Hverri íbúð er skilað án gólfefna. Ahending við kaupsamning.

Nánari upplýsingar:
Leó Árnason s. 894 1601
Guðmundur Sigurðsson s. 861 7400
austurbær.is



Íþróttir

Efni sendist á: selfoss@prentmet.is

Tveir sannfærandi sigrar tryggðu Selfyssingum silfursæti

HANDBOLTI Selfyssingar tryggðu sér annað sæti Ólísdeildarinnar með tveimur öruggum sigrum í lokumferðum deildarinnar í seinustu viku. Liðið endaði með 34 stig í öðru sæti, jafnir Haukum sem eru yfir á innbyrðis viðureignum liðanna í vetur og er þetta jöfnun á besta árangri Selfoss frá því í fyrra.

Framundan er landsleikjahlé en að því loknu hefst úrslitakeppnin þar sem Selfyssingar kljást við spræka ÍR-inga úr Breiðholti. Fyrsti leikur verður í Hleðsluhöllinni laugardaginn 20. apríl og verður nánar fjallað um úrslitakeppnina í næstu Dagskrá.

Öruggur sigur á Gróttu

Það má loksins segja að Selfoss hafi unnið öruggan sigur, þegar liðið lagði Gróttu í Hleðsluhöllinni fyrir viku með níu mörkum, 29-20. Það var nokkuð ljóst í hvað stefndi strax í byrjun leiks, Selfyssingar skoruðu fjögur fyrstu mörk leiksins og leiddu í hálfleik 14-8. Seinni hálfleikur var keimlíkur þeim fyrri þar sem Selfoss komst mest tíu mörkum yfir en lokatölur urðu 29-20. Þess má geta að Selfyssingurinn Ari Sverrir Magnússon fékk sínar fyrstu mínútur í vetur og skoraði m.a. eitt mark af vítapunkturinum.

Mörk Selfoss: Hergeir 6, Haukur 5/1, Elvar Örn 5, Nökkvi Dan 4, Atli Ævar 3, Guðjón Baldur og Alexander Már 2, Árni Steinn 1,



Sölvi stóð vaktina í marki Selfyssinga af þróði í leikjunum. Ljósmynd: Umf. Selfoss/JÆ.

Ari Sverrir 1/1. Varin skot: Sölvi 10 (37%) og Pawel 2 (40%).

Stjörnuleikur Selfyssinga

Selfoss gerði sér lítið fyrir og lagði Stjörnuna með sextán mörkum í lokaleik sínum í Ólísdeild karla í TM-höllinni á laugardagskvöld. Eins og nærri má geta voru Selfyssingar með leikinn í höndum sér frá A til Ö og sýndu Stjörnumenn litla mótspyrnu, staðan í leikhléi var 4-15. Selfoss gat leyft sér að hvíla menn og fékk yngri kynslóðin sínar mínútur, öruggur sigur í höfn, 16-32 og allir útileikmenn Selfoss skoruðu í leiknum.

Mörk Selfoss: Nökkvi Dan 5, Elvar Örn 4, Hannes, Guðjón Baldur, Atli Ævar og Hergeir 3, Haukur 3/1, Guðni, Alexander Már og Árni Steinn 2, Sverrir 1 og Ari Sverrir 1/1. Varin skot: Sölvi 14 (56%) og Pawel 4 (50%).

esó/gj



Viðurkenningar voru veittar á fjölmönnum aðalfundi Umf. Selfoss. F.v.: Hlöðver Örn og Lára, sæmd silfurmerki félagsins, Guðmundur Kr. kjörinn, heiðursfélagi Umf. Selfoss, Þórir Haraldsson, formaður handknattleiksdeildar, sem hlaut UMFÍ bikarinn sem deild ársins, Helga R. Einarsdóttir, móðir Guðmundar Karls, tók fyrir hans hönd við Björns Blöndal bikarinn sem félagi ársins, og Viktor, formaður Umf. Selfoss. Ljósmynd: Umf. Selfoss/Gissur.

Guðmundur Kr. heiðursfélagi Umf. Selfoss

Á aðalfundi Ungmennafélags Selfoss sem fram fór í félagsheimilinu Tíbrá þann 4. apríl bar það helst til tíðinda að Guðmundur Kr. Jónsson var kjörinn heiðursfélagi Umf. Selfoss.

Guðmundur varð snemma öflugur félagsmálamaður og hefur tekið virkan þátt í starfi Umf. Selfoss frá unga aldri. Hann var formaður frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss árin 1968–1979, gegndi síðar stöðu vallaarstjóra á Selfossvelli, stöðu framkvæmdastjóra félagsins og var formaður Umf. Selfoss frá 2014–2018. Guðmundur tekur enn virkan þátt í störfum félagsins, mætir á alla viðburði sem hann kemst á og er þulur og ræsir á hinum ýmsu viðburðum frjálsíþróttadeildar. Á hér aðsjá HSK í fyrra var hann kosinn heiðursformaður HSK, sá þriðji frá upphafi.

Guðmundur Kr. er vel að því kominn að vera kosinn heiðursfélagi Umf. Selfoss en hann er fjórtándi heiðursfélagi félagsins en núlifandi eru Kristján S. Jónsson, Tómas Jónsson, Björn Ingi

Gíslason og Sigurður Jónsson.

Við þetta sama tækifæri var Lára Ólafsdóttir, eiginkona Guðmundar, sæmd silfurmerki Umf. Selfoss en hún hefur starfað um árabil innan frjálsíþróttadeildar Selfoss sem gjaldkeri í stjórn, á fjölmörgum mótum og við Brúarhlaupið frá upphafi auk þess sem hún hefur fætt fleiri þúsundir munna á mótum vítt og breitt um landið með Selfoss.

Þá var Hlöðver Örn Rafnsson einnig sæmdur silfurmerki Umf. Selfoss en hann kom inn í starf knattspyrnudeildar á 9. áratug seinustu aldar sem þjálfari og síðar sem stjórnarmaður þar sem hann lyfti Grettistaki við að rétta af fjárhag deildarinnar. Hann er jafnframt frumkvöðull varðandi herrakvöld knattspyrnudeildar.

Stjórn félagsins var endurkjörin á fundinum en hana skipa Viktor S. Pálsson formaður, Hjalti Þorvarðarson gjaldkeri, Dýrfinna Sigurjónsdóttir ritari og Sigrún Hreiðarsdóttir og Sverrir Einarsson meðstjórnendur.

Á fundinum voru veittar við-

urkenningar þar sem Guðmundi Karli Sigurdórssyni var afhentur Björns Blöndal bikarinn sem félagi ársins fyrir framúrskarandi sjálfbæðaliðastörf á vegum félagsins en hann hefur verið manna duglegastur að skrasetja sögu félagsins bæði í myndum og texta, ávallt tilbúinn þegar til hans er leitað. Handknattleiksdeild félagsins hlaut UMFÍ bikarinn sem deild ársins fyrir góðan árangur meistaraflökks karla í Evrópukeppni og Íslandsmóti. Að lokum var Marteinn Sigurgeirsson sæmdur gullmerki félagsins fyrir áralöng störf fyrir félagið.

Rekstur félagsins er að mestu í samræmi við áætlun en ljóst er á öllum rekstrartölum að öflugt og metnaðarfullt starf er í gangi hjá félaginu. Þannig var velta félagsins árið 2018 tæplega 430 milljónir króna og er félagið einn stærsti launagreiðandi í sveitarfélaginu en það greiðir árlega nærri 250 milljónir í laun og launatengd gjöld skv. því sem fram kemur í samstæðureikningi. gj



Lið Selfoss að loknum lokaleik Ólísdeildarinnar. Ljósmynd: Umf. Selfoss/ÁÐG.

Sigur í síðasta leik hjá stelpunum okkar

HANDBOLTI Stelpurnar okkar léku sinn síðasta leik að sinni í Ólísdeildinni þegar liðið sigraði HK í Digranesi með 6 mörkum í seinustu viku.

Eftir jafna byrjun sigldu Selfossstúlkur jafnt og þétt fram úr þar til munurinn var orðinn fimm mörk, hálfleikstölur 11-16. Í síðari hálfleik var sigurinn aldrei í hættu, Selfyssingar náðu átta marka forskoti sem heimastúlkur minnkuðu niður í þrjú mörk þegar sjö mínútur voru eftir af leiknum. Þá gaf Selfoss aftur í og vann 24-30.

Mörk Selfoss: Hrafnhildur Hanna 13/4, Krístrún og Perla

Ruth 4, Agnes og Katla María 3, Sarah 2 og Harpa Sólveig 1. Katrín Ósk varði 6 skot.

Þrátt fyrir sigurinn var ljóst fyrir tveimur umferðum að Selfoss myndi kveðja Ólísdeildina að sinni, en þær enduðu stigi fyrir neðan HK þrátt fyrir sigur í síðustu tveim leikjum tímabilsins. Ságrætilegt þegar horft er á alla þessa leiki sem dattu ekki með stelpunum okkar á tímabilinu. Tímabilinu er því formlega lokið hjá stelpunum, það fór ekki eins og við vonuðumst eftir en við komum tvíefldar til baka í Grill66 deildinni í haust.

esó/gj

Hundrað hlupu fyrsta Grýlupottahlaup ársins

FRJÁLSAR Fyrsta Grýlupottahlaup ársins 2019 fór fram á Selfossvelli laugardaginn 6. apríl. Þátttakendur voru um eitt hundrað í þessu skemmtilega 50 ára gamla hlaupi sem nýtur sífелldra vinsælda meðal Selfyssinga. Vonandi verður framhald á góðri mætingu og að veðrið verði milt og gott næstu laugardaga. Hlaupaleiðin var sú sama og í fyrra og vegalengdin rúmir 850 metrar. Úrslit úr hlaupinu má finna á vefsíðu Ungmennafélags Selfoss www.selfoss.net. Annað hlaup ársins fer fram nk. laugardag 13. apríl. Skráning hefst kl. 10:00 og er fólk hvatt til að mæta tímanlega til að forðast biðröðir.



Stelpumánuður í knattspyrnu

KNATTSPYRNU Knattspyrnudeild Selfoss býður öllum stelpum sem langar að byrja að æfa fótbolta að mæta endurgjaldslaut á æfingar hjá deildinni í apríl. Hlökkum til að sjá ykkur á æfingu.

Ljósmynd: Umf. Selfoss.



Selfyssingar í eldlínunni með landsliðum Íslands



KNATTSPYRNA Þau Barbára Sól Gísladóttir, Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir og Guðmundur Tyrtingsson eru öll búin að vera að leika fyrir Íslands hönd síðustu vikurnar.

Eins og fram kom í seinasta blaði lék Áslaug Dóra með U17 ára landsliðinu sem endaði í þriðja sæti í milliriðli undankeppni EM 2019.

Barbára Sól (nr. 14 á myndinni) er í Hollandi með U19 ára landsliði kvenna sem gerði 2-2 jafntefli gegn Rússlandi og vann Búlgaríu 6-0 í milliriðli



undankeppni EM 2019. Lék Barbára báða leikina frá upphafi til enda. Lokaleikur riðilsins var í gær gegn gestgjöfum Hollands.

Guðmundur (nr. 7 á myndinni) lék með U16 ára landsliðinu á UEFA Development Tournament í Króatíu. Hann var fyrirliði í 3-4 gegn Króatíu í fyrsta leik liðsins, hann var í byrjunarliðinu í 3-0 sigri gegn Bólivíu og byrjaði á varamannabekknum í seinasta leiknum gegn Austurríki sem tapaðist 1-4. Frábærir fulltrúar félagsins okkar.

Hrunamenn HSK-meistarar eftir æsispennandi keppni

Karlaliðin í blaki áttust við í seinni hluta HSK-mótsins á Flúðum þriðjudag 2. apríl sl. Lið Hamars og Hrunamanna stóðu best að vígi eftir fyrri hlutann og því afar líklegt að baráttan um HSK gullið stæði á milli þessara liða þegar þau mættust í annarri umferð kvöldsins.

Hamarsmenn höfðu sigur í fyrstu hrinu 25-24 en Hrunamenn voru þó hreint ekki tilbúnir að jata sig sigraða og unnu aðra hrinuna af harðfylgi 25-23 og því ljóst að oddahrinu þyrfti til að knýja fram úrslit. Margir hefðu eflaust haldið að Hamar væri með pálmann í höndunum þegar þeir leiddu oddahrinuna 14-9 og dugði aðeins eitt stig til viðbótar til að tryggja sér titilinn, en Hrunamenn voru þó á öðru máli og með ótrúlegri þrautseigju náðu þeir að skora 6 stig í röð án þess að Hamarsmenn næðu að svara fyrir sig og unnu hrinuna 15-14 og leikinn 2-1. Hamar hafði lokið öllum sínum leikjum fyrir lokaumferðina með 10 stig á móti 7 stigum heimamanna sem áttu möguleika á að jafna Hamar á toppnum með 2-0 sigri á liði UMFL 2 sem þeir sigldu svo í höfn 25-20 og 25-22 og tryggðu sér HSK-titilinn á minnsta mun með 10 stig eins og



Sigurlið Umf. Hrunamanna.

Hamar en höfðu betur á fleiri unnum hrinum í móti eftir 1 stigs sigur 15-14 í oddahrinu á móti Dímoni í fyrri hlutanum í haust. Verður því seint hægt að saka Hrunamenn um að gefast upp þó á móti blási. Lið UMFL 1 landaði síðan bronsinu með 5 stig eftir 2-0 sigur á Dímon og 2-1 sigri á UMFL 2. Dímon fylgdi þeim fast á eftir í 4. sætinu með fjögur stig og UMFL 2 kláraði í 5. sæti með 1 stig.

UMFÍ auglýsir eftir mótshaldara fyrir Landsmót UMFÍ 50+ sumarið 2021

„Landsmót UMFÍ 50+ skiptir máli fyrir fólk sem hefur bæði gaman af því að hreyfa sig og hitta aðra. Það er gaman að sjá fólk koma á mótið sem hefur ekki stundað íþróttir síðan í æsku og rifja upp hvað það var gaman að stunda íþróttir og hreyfa sig með öðrum. Á mótum UMFÍ verða til góðar minningar fyrir þátttakendur. Landsmót UMFÍ 50+ hefur mikla þýðingu fyrir samfélagið og ætti það að skilja eftir sig uppbyggingu og þekkingu í sveitarfélaginu sem heldur mótið,“ segir Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ.

Landsmót UMFÍ 50+ hefur verið haldið víða um land frá árinu 2011. Það verður í Neskaupstað dagana 28.-30. júní í sumar og í Borgarnesi sumarið 2020. Nú er komið að því að finna mótsstað árið 2021.

Landsmót UMFÍ 50+ er blanda af íþróttakeppni og skemmtun þar sem fólk á besta aldri blómstrar í hreyfingu. Mótið er opið öllum þátttakendum sem verða 50 ára á




Auður Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri UMFÍ.



Frá keppni á Landsmóti UMFÍ 50+. Mynd: UMFÍ/Hari.

árinu og þá sem eru eldri. Ekki er gerð krafa um að þátttakendur séu skráðir í ungmennta- eða íþróttafélag. Landsmót UMFÍ 50+ er frábært tækifæri fyrir mótshaldara til að vekja athygli á lýðheilsu og möguleikum í sveitarfélagi sínu. Gera verður ráð fyrir allt að 1.000 þátttakendum á mótinu frá öllu landinu.

Umsóknarfrestur er til 1. júní næstkomandi.



Aðalfundur Sjálftæðisfélagsins og fulltrúaráðs í Vestur-Skaftafellssýslu

Aðalfundur Sjálftæðisfélaganna í Vestur-Skaftafellssýslu verður haldinn á Hótel Kötlu (Höfðabrekku), **þriðjudaginn 23. apríl 2019, kl. 20:00.**

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf. Önnur mál.

Gestir fundarins: Páll Magnússon og Vilhjálmur Árnason, alþingismenn.

Félagar hvattir til að mæta og nýir félagar sérstaklega velkomnir.

Stjórnin.

Karlahittingur Krabbameinsfélags Árnessýslu!

Jafningjastuðningur, fræðsla og skemmtilegur félagsskapur fyrir karla sem eiga það sameiginlegt að hafa greinst með krabbamein. Hópurinn er jafnt fyrir þá sem hafa lokið meðferð og þá sem eru í meðferð.

Hittumst í húsnæði Rauða krossins á Selfossi, Eyravegi 23 annan hvern fimmtudag kl. 18:00 og er næsti hittingur fimmtudaginn 25. apríl kl. 18:00.

Fyrir frekari upplýsingar má hafa samband við starfsmann félagsins í síma 788 0300 (Erla) eða á netfangið arnessysla@krabb.is.

Einnig má senda okkur Facebook-skilaboð!



Krabbameinsfélagið



Sumarafleysingar í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli

Við hjá Sláturfélagi Suðurlands leitum nú að öflugum og hressum sumarstarfsmönnum til afleysingastarfa í kjötvinnslu okkar á Hvolsvelli. Um mikilvæg störf er að ræða enda okkar verkefni að sjá til þess að landsmenn skorti aldrei pylsur eða aðrar SS nauðsynjavörur á grillin og í ofninn. Heimili SS pylsunnar og fleiri gæðavara stendur sem sagt opið í sumar fyrir góðu fólki en þar starfar samhentur hópur starfsmanna sem tekur vel á móti sumarafleysingafólki. Ef þú ert 16 ára á árinu eða eldri og hefur áhuga á að taka þátt í að framleiða gæðamatvörur í sumar þá hvetjum við þig til að sækja um hjá okkur. Um vaktavinnu gæti verið að ræða.

Sækja skal um starf á heimasíðu félagsins, ss.is og þar er einnig að finna nánari upplýsingar um SS. Nánari upplýsingar veitir verksmiðjustjóri í síma 488 8200.

Af starfi Skógræktarfélags Rangæinga

Skógræktarfélag Rangæinga var stofnað í nóvember 1943 og hefur starfað nær óslitið síðan, þó með mis miklum krafti.

Árið 2018 var viðburðaríkt í starfi félagsins en þá sá það um aðalfund Skógræktarfélags Íslands sem var haldinn í Rangárþingi dagana 31. ágúst til 2. september. Undirbúningur var töluverður og einkum fólgin í grisjun með brautum í skógi félagsins í Bolholti og endurbótum á brautum á sama stað. Allt kapp var lagt á að geta komið gestum aðalfundar um svæðið og sýna þann mikla ávinning sem orðinn er á landi í Bolholti sem var nær örfoka þegar Skógræktarfélag Rangæinga tók við því 1989 og hóf stórfellda gróðursetningu og uppgræðslu á landinu. Stjórn félagsins vann að þessum undirbúningi hörðum höndum og uppskar almenna ánægju aðalfundar-gesta með útkomuna.

Fundurinn sjálfur var haldinn á Stracta Hótelu á Hellu og var aðbúnaður allur hinn besti og nægt hótélrými fyrir gesti.

Föstudaginn 31. ágúst var keyrt upp Landsveit og Hellarnir á Hellum skoðaðir undir leiðsögn Margrétar Grétarsdóttur og Birgis Arnar Haukssonar. Margrét tók



Skógræktarfélag Rangæinga heiðraði félagi fyrir vel unnin störf. F.v.: Jónatan Garðarsson formaður Skógræktarfélags Íslands, Sigríður H. Heiðmundsdóttir sem tók við viðurkenningu móður sinnar Klöru Hallgerðar, Sigurvina Samúelsdóttir, Sigurbjörg Elimarsdóttir, Sveinn Sigurjónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

jafnframt lagið fyrir viðstadda í hellunum við undirleik Hrafnkels Guðnasonar. Af því var gerður góður rómur. Frá Hellum var haldið inn á Hekluskóga, svæðið austan við Þjórsá á móts við Búrfell, og þar gaf að líta þröttmiklar skógarplöntur sem dafna ótrúlega vel. Þar voru gestir fræddir um Hekluskógaverkefnið af þeim Hrönn Guðmundsdóttur,

verkefnisstjóra Hekluskóga, og Hreini Óskarssyni, sviðsstjóra samhæfingarsviðs Skógræktarinnar.

Þá var haldið austur fyrir Rangá og keyrt niður Rangárvelli með viðkomu í Bolholtsskógi. Skógurinn var skoðaður og voru gestir sammála um að þar gæfi að líta ótrúlega framvindu enda skógurinn orðinn mikill að umfangi.

Gestum var boðið upp á léttar veitingar í Bolholtsskógi. Síðan var ekið sem leið lá að Hellu.

Laugardaginn 1. september var síðan haldið inn að Heylæk í Fljótshlíð þar sem Sigurður Haraldsson skógarbóndi tók ásamt fjölskyldu sinni á móti gestum og sagði frá skógræktinni og safninu sem hann hefur komið sér upp á Heylæk. Magnaður staður og ekki skemmdi lífleg frásögn Sigurðar fyrir.

Þarna var gestum boðin hressing. Síðan var haldið niður Markarfljótsaura hjá Stóru-Dímon og þaðan til baka að Hellu. Þar var hátíðardagskrá og aðalfundur haldinn með hefðbundnu sniði. Þar veitti Skógræktarfélag Rangæinga nokkrum félögum sem hafa verið hvað öflugastir við að starfa fyrir félagið heiðursviðurkenningu, en þetta voru þau Sigurbjörg Elimarsdóttir og Sveinn Sigurjónsson á Galtalæk, Sigurvina Samúelsdóttir á Hellu og Klara Hallgerður Haraldsdóttir á Kaldbak. Eru þeim enn og aftur þökkúð vel unnin störf.

Eftir hefðbundin aðalfundarstörf á sunnudeginum, s.s. kosningar og afgreiðslu tillagna, var haldið austur að Skógum þar sem tré ársins var útnefnt, en það var

Salix smithiana „vesturbæjarvíðir“.

Árleg jólatrjáasala félagsins var um miðjan desember í Bolholtsskógi. Margt var um manninn og er þessi viðburður orðinn ómissandi í undirbúninga margra á jólaferðum.

Þann 19. mars sl. var aðalfundur Skógræktarfélags Rangæinga haldinn, Jón Ragnar Örlygsson sem verið hefur formaður félagsins undanfarið gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku og var honum þökkúð vel unnin störf fyrir félagið. Stjórn félagsins er nú þannig skipuð: Sigríður H. Heiðmundsdóttir formaður, Haraldur Birgir Haraldsson ritari og Ásgeir Árnason gjaldkeri. Meðstjórnendur eru Hrafn Óskarsson og Margrét Grétarsdóttir og varamenn eru Guðmundur Ragnarsson, Brynja Jóna Jónasdóttir og Klara Viðarsdóttir.

Margt er framundan hjá félaginu. Gert er ráð fyrir vinnudögum, sveppaskógargöngu síðsumars og síðan ýmsum verkefnum sem tengjast viðhaldi brauta og skóga-anna almennt. Hægt er að fylgjast með starfi félagsins á Facebook-síðu þess og einnig verður heimasíða félagsins eitthvað notuð.



Fundargestir skoða skógin í Bolholti.



Aðalfundargestir þáðu hressingu í Bolholtsskógi að lokinni göngu um skógin.

GUÐNI BAKARI

Gleðjumst og njótum!

Fimmkorna súrdeigsbrauð

Aðeins 675 kr.



Einfaldaralíf.is LESTUR ER BESTUR



Ég er afskaplega þakklát fyrir bækur. Frá því að ég var krakki hef ég elskað að lesa. Það er langt síðan ég áttaði mig á því að það nærir mig og gefur mér ákveðna hugarró að taka bók í hönd og gleyma mér í lestri. Þegar ég er mjög upptekin og lífið gengur sinn vanagang þá gef ég mér ekki oft tíma til að setjast niður og lesa. Á því lífsskeiði sem ég er á núna er ég með fullt hús af börnum, sinni heimili og vinnu og því er ekki alltaf fyrsti kostur að setjast niður með bók.



Þegar ég áttaði mig á því hversu miklu máli bókaletur skiptir mig þá hef ég farið að temja mér þann sið að gefa

mér tíma daglega til að lesa, þó það sé ekki nema 20 mínútur. Það hleður mig andlega og skilar sér í betri útgáfu af sjálfri mér. Síðustu ár hef ég notað hljóðbækur mikið og er Storytel í uppáhaldi hjá mér þessi misserinn. Kosturinn við hljóðbækur er að ég get sinnt verklegri vinnu en hlustað á sama tíma. Síðastliðin ár hef ég mikið notað við raðbækur (Kindle) þar sem mér finnst kostur að geta verið með bókasafn með mér hvert sem ég fer inni í þessu litla tæki. Nú er ég til dæmis stödd á Balí og er að ljúka við þriðju bókina síðan ég lagði af stað fyrir þrem vikum. Það hefði ég ekki getað gert ef ég hefði ekki

verið með raðbók, þar sem við völdum að ferðast með mjög lítinn farangur. Fyrir tveim vikum þurftum við fjölskyldan að ferðast langa leið innanlands í Ástralíu. Til að stytta okkur stundir þá hlustuðum við á bókina *Aukaspýrna á Akureyri* saman á meðan við keyrðum. Allir höfðu gaman af enda er fáir skemmtilegri á að hlusta en Gunnar Helgason þegar hann leikles bækurnar sínar.

Fyrir mig er lestur gæðastund. Hver er þín gæðastund? Hvað er það sem þú elskar að gera en gefur þér ekki nógu oft tíma til að sinna? Ég hvet þig til að gefa þér tíma og viti menn þú munt hafa meiri orku til að sinna öllu öðru.

Kær kveðja,
Gunnar Stella,
IIN heilsumarkþjálfari, B.ed

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS



*samkvæmt Gallup-könnun
okt.-nóv. 2018.

FASTEIGNASALAN BÆR
www.fasteignasalan.is
Fagleg og persónuleg þjónusta



Gagnheiði 41, Selfossi

Fullbúið atvinnu- / geymsluhúsnæði sem skiptist í 8 einingar sem öll eru 90 m² að grunnfleti. Hægt er að sameina bil og sleppa milliveggjum milli eininga og engar súlur eru í burðarkerfi milliveggja hússins.

Seljandi skilar eigninni á byggingarstigi 7, fullbúnum. Áætlaður afhendingartími 1. sept 2019. Gólfhlötur hverrar einingar er 5 m á breidd og 18 m á lengd. Vegghæð við útvegg er 4,7 m og í mæni 6,945 m. Hæð á keyrsluhurð er 4,2 m. Gönguhurð er við hlið keyrsluhurðar á framhlið og einnig er hurð á bakhlið út á baklöd. Innst í rýminu verður



Snorri Sigurfinnsson
Löggiltur fasteignasali
S. 864 8090
snorri@fasteignasalan.is



Hafsteinn Þorvaldsson
Löggiltur fasteignasali
S. 891 8891
hafsteinn@fasteignasalan.is



Loftur Erlingsson
Sölufulltrúi
S. 896 9565
loftur@fasteignasalan.is



Verð 21,9 mill.

salerni og handlaug skv teikningu. Kaupandi getur sett upp milliloft samkvæmt teikningu. Í hverju bili verður vatnshitablásari og ofnar.

Nánari upplýsingar veitir Snorri Sigurfinnsson löggiltur fasteignasali s. 864 8090 eða snorri@fasteignasalan.is, Hafsteinn Þorvaldsson löggiltur fasteignasali s. 891 8891, hafsteinn@fasteignasalan.is og Loftur Erlingsson sölufulltrúi s. 896 9565, loftur@fasteignasalan.is.

Skilalýsing og frekari gögn á fasteignasölu.

VINNUSKÓLI ÁRBORGAR



Opið er fyrir umsóknir í vinnuskólanum fyrir sumarið 2019. Ungmennni á aldrinum 14 – 16 ára (f.2003 – 2005) geta sótt um vinnu í gegnum íbúagátt Árborgar á <https://ibuagatt.arborg.is/> Ath. Breytt vinnutímabil hjá öllum aldurshópum

Nánari upplýsingar hjá Gunnari eða Magnúsi í síma 480-1900 eða vinnuskollinn@arborg.is

Umsóknafrestur er til 13. maí nk.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni

Opið er fyrir umsóknir um sumarstörf fyrir 17 ára ungmenni, fædd 2002, sem eru búsett í Sveitarfélaginu Árborg. Eldri ungmenni, fædd árin 2000 og 2001, mega einnig sækja um þessi störf.

Hægt er að sækja um störfin á heimasíðu Árborgar www.arborg.is undir **Mín Árborg**. Síðan er farið í umsóknir um sumarstörf 17 ára eftir að viðkomandi hefur skráð sig inn. Umsækjendur yngri en 18 ára þurfa að sækja um í gegnum aðgang foreldra.

Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum 13. maí nk.

Um er að ræða fjölbreytt sumarstörf en ráðningartími er 6 vikur, unnið mánudaga til fimmtudaga í 8,5 klst. hvern dag. Umsækjendur geta valið milli tveggja tímabila. Frá 20. maí – 27. júní og 1. júlí – 8. ágúst. Ekki er hægt að koma öllum fyrir á sama tímabili en reynt verður eftir fremsta megni að koma til móts við óskir umsækjenda.

Nánari upplýsingar eru á umsóknareyðublaði inni á Mín Árborg. Einnig veita upplýsingar Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, gunnars@arborg.is eða Bragi Bjarnason, bragi@arborg.is í síma 480 1900.



Gospel tónleikar



Lionsklúbbs Hveragerðis
verða haldnir í Hveragerðiskirkju
fimmtudaginn 11. apríl kl. 20:00



Gospelkór Lindakirkju undir stjórn Óskars Einarssonar ásamt gestasöngvurum koma fram með það besta úr heimi gospeltónlistarinnar til Hveragerðis.

Allur ágóði af tónleikunum verður notaður til að útvega vefvarp fyrir heyrnar- og sjónskerta í Hveragerði í samvinnu við Félag eldri borgara í Hveragerði og Blindrafélagið.

Forsala aðgöngumiða er í Shellskálanum Hveragerði og við innganginn. Miðaverð kr. 2500.- og verður posti við innganginn.



Grímsnes- og Grafningshreppur

Laus störf við Kerhólsskóla

Kerhólsskóli óskar eftir að ráða í eftirtaldar stöður fyrir skólaárið 2019-20:

Umsjónarkennari á yngstastig grunnskóla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf á grunnskólastigi
- Reynsla af kennslu í grunnskóla æskileg
- Reynsla af teymisvinnu æskileg

Sérkennari

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi
- Menntun á sviði sérkennslu æskileg
- Reynsla af kennslu á báðum skólastigum æskileg
- Góðir skipulagshæfileikar
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Reynsla af teymisvinnu

Helstu verkefni og ábyrgð:

Halda utan um öll sérkennslumál á báðum skólastigum og er kennurum til stuðnings varðandi nám og kennslu barna sem þarfnast stuðnings.

Vænst er af öllum umsækjendum:

- Góðrar færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi, faglegs metnaður og ábyrgðar
- Sjálfstæði og skipulagðra vinnubrögða
- Sveigjanleika og góðrar færni í samskiptum.
- Góðrar íslenskukunnáttu
- Framtakssemi og jákvæðni.
- Vilja til að gera góðan skóla betri.

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til 23. apríl 2019.

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með rúmlega 70 nemendum á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt og útkennslu, list- og verkgreinar. Vakin er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu. Allir starfsmenn skólans sem eru í 100% vinnu fá tvær hreyfistundir á viku í vinnutíma auk annarra fríðinda.

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri og Íris Anna Steinarrsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 480 5520, 863 0463. Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjórnenda, jonabjorg@kerholsskoli.is eða iris@kerholsskoli.is.



Jákvæðir ársreikningar hjá Sveitarfélaginu Ölfusi

Ársreikningar Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2018 hafa nú verið birtir. Rekstrartekjur samstæðu Ölfuss námu 2.539 m.kr. og rekstrargjöld fyrir fjármagnsliði námu 2.036 m.kr. Rekstrarafkoma samstæðu fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 503,3 m.kr. og rekstrarniðurstaða ársins eftir afskriftir og fjármagnsliði jákvæð um 242,7 m.kr.

Ánægjulegt er að skatttekjur án framlaga úr jöfnunarsjóði hækka úr 1.340 m.kr. í 1.458 m.kr. eða um 8%. Í heildina vaxa rekstrartekjur samstæðu úr 2.274 m.kr. í 2.539 m.kr. eða um 10%. Skýringu tekjuaukningar er fyrst og fremst að finna í því að íbúum fjölgaði nokkuð á milli ára samhliða vaxandi umsvifum við höfnina og almenns góðs ástands í atvinnulífi landsins.

Þegar litið er til reksturs málaflokka birtist kunnugleg mynd fyrir þá sem gera sér það til dundurs að lesa reglulega ársreikninga íslenskra sveitarfélaga. Sú mynd sýnir að í raun snýst kjarnarekstur sveitarfélagsins um þrjá málaflokka, þ.e.a.s. fræðslu- og uppeldismál sem standa fyrir 47% af rekstrargjöldum aðalsjóðs, æskulýðs- og íþróttmál sem standa fyrir 14%



Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Ölfusi.



Skipið Mykines frá Smyril Line í höfninni í Þorlákshöfn.

og félagsþjónusta 13%. Samtals taka þessir þrír málaflokkar því til sín 74% af rekstrargjöldunum.

Skuldastaða sveitarfélagsins Ölfuss er í góðu jafnvægi. Heildarstaða langtímaskulda samstæðu er 1.536 m.kr. og tekinn voru um 390 milljónir í ný lán á árinu. Þar af lang mest vegna lífeyrisgreiðslna til Brúar, auk þess sem framkvæmt var við nýtt fimleikahús og útsvæði sundlaugar. Skuldaviðmið eins og það er skilgreint í reglugerð um fjármál sveitarfélaga stendur í 77,89% en hámarkið er 150%.

Fáum dylst að höfnin í Þorlákshöfn hefur tekið stakkaskiptum með tilkomu siglinga Smyril Line. Í dag þjónustar fyrirtækið inn- og útflutningsaðila á ekjuskipinu Mykinesi sem heldur uppi vikulegum siglingum milli Þorlákshafnar og Rotterdam. Rekstrartekjur hafnarinnar árið 2018 voru 229 m.kr. og hækka um 24%. Rekstrarniðurstaða hafnarinnar voru rétt tæpar 86 m.kr. og framlegðarhlutfall af tekjum því um 20%. Mat flestra

er að uppbygging hafnarinnar sem inn- og útflutningshafnar sé rétt að hefjast og árangurinn, svo magnaður sem hann er, sé einungis reykurinn af réttinum. Frekari vöxtur sé framundan.

Niðurstaða ársreikninga er bæjarstjórn fyrst og fremst hvatning til að gæta þess áfram að missa ekki tókin á skulda- og útgjaldahliðinni. Vandaður rekstur er það sem helst tryggir öfluga og góða þjónustu. Í Ölfusi hefur verið byggt upp sterkt þjónustunet þar sem skólarnir og íþróttaaðstaðan eru meðal helstu flaggskipa þjónustunnar. Sveitarfélagið Ölfus vinnur nú að því að nýta þá sterku stöðu sem birtist í ársreikningunum til að bæta þjónustu við bæjarbúa enn frekar og eftir atvikum að bjóða nýja íbúa velkomna. Á næstu vikum verða auglýstar hagkvæmar lóðir undir íbúðahúsnæði auk þess sem verið er að leggja lokahönd á skipulag nýrra atvinnulóða á athafnasvæði hafnarinnar.

Hamingjan er hér!

Elliði Vignisson, bæjarstjóri.

Sjálfbærar ofanvatnslausnir í Vorsabæ

Við deiliskipulagsgerð í Vorsabæ er sérstaklega hugað að sjálfbærum lausnum í meðferð regnvatns með það að markmiði að skila vatninu beint niður í jarðvegin í stað þess að veita því um regnvatnslagnir út í viðtaka. Þannig er líkt eftir náttúrulegu ferli vatnsins eins og það var áður en byggingaframkvæmdir hófust á svæðinu.

Sjálfbærar ofanvatnslausnir í deiliskipulagi í Hveragerði

Sú uppbygging sem verið hefur í Hveragerði undanfarin ár hefur kallað á mikla vinnu við deiliskipulagsgerð. Þar má nefna deiliskipulag fyrir Kambaland, Grímsstaðareit, Edenreit og Hlíðarhaga en þar eru samtals áformaðar um 435 íbúðir.

Uppbygging er nú þegar hafin á Grímsstaðar- og Edenreitum og 1. áfangi gatnagerðar í Kambalandi verður boðin út á næstunni. Vinna við deiliskipulag Friðarstaða er auk þess hafin en þar er gert ráð fyrir ferðatengdri verslunar- og þjónustustarfsemi í bland við íbúðabyggingu.

Athafnasvæði í Vorsabæ

Til að koma til móts við mikla eftirspurn eftir athafnalóðum þá er nú í auglýsingu tillaga að stækkun athafnasvæðis í Vorsabæ sunnan Suðurlandsvegur. Þar er gert ráð fyrir samtals 20 athafnalóðum og getur heildar byggingarmagn þar orðið allt að 34 þúsund fermetrar.

Við deiliskipulagsgerðina var sérstaklega hugað að sjálfbærum lausnum í meðferð regnvatns með það að markmiði að skila vatninu beint niður í jarðvegin í stað þess að veita því um regnvatnslagnir út í viðtaka. Þannig er líkt eftir náttúrulegum ferli vatnsins eins og hann var áður en byggingaframkvæmdir hófust á svæðinu. Þessar lausnir stuðla að hreinsun regnvatns, gefa grænna yfirbragð, viðhalda náttúrulegri stöðu grunnvatns og minnka álag á fráveitukerfi.

Á athafnasvæðinu í Vorsabæ verður regnvatni frá lóðum, götum og grænum svæðum veitt í opnar ofanvatnsrásir þar sem undirlag er gegndræpt og yfi-



irborðsefni er gras eða gróður. Þannig sitrar regnvatnið auðveldlega niður í grunnvatnið í gegnum botn rásanna. Í mikilli úrkomu þegar ofanrásir hafa ekki undan þá streymir umframvatn eftir þeim að sérstakri laut þar sem vatnið sitrar smátt og smátt niður í grunnvatnið.

Innan lóða verður hugað að sjálfbærum lausnum s.s. með gegndræpu efni á bílastæðum, gróðurbeðum og grasi.

Guðmundur F. Baldursson, skipulagsfulltrúi Hveragerði.

Ferðamenn njóta útsýnis frá sjónarhóli sauðkindarinnar



Hjónin Rannveig Ólafsdóttir og Guðmundur Markússon í Mörtungu á Síðu í Skaftárhreppi eru hefðbundnir íslenskir sauðfjárþænder í húð og hár, Rannveig verandi af fimmtu kynslóð sauðfjárþænda í Mörtungu. Samhliða búskapnum reka þau ferðaþjónustufyrirtækið *Mörtunga – Iceland Bike farm* sem mætti útleggja sem hjólabúgarð á því ylhýra. Hugmyndin gengur út á að fara með ferðamenn upp á heiðarnar fyrir austan Kirkjubæjarklaustur á reiðhjólum. Kindagötturnar hafa fengið nýtt hlutverk sem reiðhjólástigar um þá ægifyrgu náttúru sem fáir hafa séð nema þænder í smalamennsku og íslenska sauðkindin. Fjallið Kaldbakur gnæfir yfir öllu og fjölbreytileiki náttúrunnar á þessum stað óviðjafnanlegur með öllum sínum gljúfrum og fossum. Fyrirtæki þeirra hjóna var valið til að taka þátt í viðskiptahraðlinum Startup Tourism sem hefur heilmikla þýðingu fyrir lítið fyrirtæki eins og þeirra. Afar margir sækja um en fámenntur hópur kemst að lokum inn í hraðalinn. Það er því ákaflega mikil viðurkenning á starfi þeirra hjóna.

Hvernig kom hugmyndin til?

„Hugmyndin að Hjólabúgarðinum, eða Bike Farm, kom fyrst

til þegar við vorum í smalamennsku. Við horfðum á eftir kindastrollunni á undan okkur og hugsuðum hvað það væri frábært ef fleiri en bara við og kindurnar gætu fengið að sjá þetta ótrúlega landslag. Mummi hefur hefur verið á fjallahjól allt sitt líf og hann sá fljótlega endalaus möguleika í öllum þessum kindagötum, segir Rannveig.“

„Síðasta sumar byrjum við svo að vinna í 25 km löngum kafla af kindagötu og gerðum hann að hjólaslóða. Til þess að slóðinn yrði sem allra bestur og vandaðastur fengum við kanadískan atvinnuhjólara hingað til lands sem kenndi okkur að gera slóða á heimsklassa. Úr þessu varð svo til fyrsta náttúrulega hjólalandið á Íslandi,“ segir Mummi.



Hvernig fellur þetta að sauðfjárræktinni?

„Sauðfé hefur mótað landið í árhundruð með sínum kindagötum sem við notum nú til að hjóla eftir, svo að það má segja að kindurnar hafi lagt grunninn að þessu fyrir okkur. Hjólaferðirnar falla vel að sauðfjárræktinni en sumarið er háannatími svo að það krefst svolitillar hagræðingar og skipulags. Svo fáum við ómetanlega hjálp frá fjölskyldu og vinum til að allt gangi smurt,“ segja hjónin.

Hvernig taka erlendir ferðamenn þessari tegund ferðamennsku?

„Viðbrögðin hjá erlendum ferðamönnum eru ótrúlega góð og ein-

læg. Þeim finnst fyrst og fremst skemmtilegt að koma heim á bæ og sjá að þar er bara heimilið okkar. Við erum með ástsjúkan hund sem tekur á móti öllum ásamt öðrum dýrum eins og kött, hænur, hesta og fé sem er líka mjög vinsælt. Þegar fólk byrjar svo hjólaferðina, á það ekki til orð yfir allri þeirri fegurð sem við höfum í bakgarðinum okkar. Einnig nefna margir að við séum einu Íslendingarnir (locals) sem þau hafa hitt síðan þau komu til landsins, segir Rannveig og Guðmundur tekur undir.“

Eru Íslendingar að nýta sér ferðirnar?

„Síðasta sumar létum við hjólahópa á fésbók vita af okkur og það kom okkur skemmtilega á óvart hversu góð viðbrögð við fengum. Nokkrir vinahópar heimsóttu okkur, auk þess að við höldum námskeið fyrir Íslendinga sem fylltist um leið. Við munum endurtaka það í sumar. Það er líka gaman að segja frá því að helmingur af okkar viðskiptavinum síðasta sumar voru einmitt Íslendingar.“

Hvaða þýðingu hefur hraðallinn fyrir fyrirtæki eins og ykkar?

„Startup Tourism hefur heilmikla þýðingu fyrir svona nýtt og lítið fyrirtæki eins og okkar. Þarna fáum við tækifæri til að hitta annað fólk sem er í nákvæmlega sömu stöðu og við, en tíu fyrirtæki voru valin inn í hraðalinn af 128 umsækjendum. Í hraðlin-

um er farið yfir öll helstu atriði sem skipta máli þegar verið er að stofna fyrirtæki. Meðal annars er fullt af frábærum fyrirlestrum og þá fáum við einkafundi eða svokallaða mentora fundi þar sem við fáum ráðleggingar og hugmyndir frá fjölmörgum aðilum sem hafa mikla reynslu í atvinnurekstri og hafa mikið að gefa. Hraðallinn gaf okkur bæði tækifæri til að viðra hugmyndir okkar við reynslumikið fólk og tíma sem við nauðsynlega þurftum til þess að vinna í fyrirtækinu, en við eigum tvö leikskólabörn og sauðfjárbú svo tíminn er dýrmætur,“ segja Rannveig og Guðmundur að lokum. -gpp



UMHVERFISSTOFNUN

Starf sérfræðings hjá Umhverfisstofnun á Helli

Hjá Umhverfisstofnun er laust til umsóknar starf sérfræðings á Helli fyrir Kerlingarfjöll, Hveravelli og Þjórsársvær ásamt fleiri náttúruverndarsvæðum skv. skipulagi Umhverfisstofnunar á sviði náttúru, hafs og vatns.

Í boði er krefjandi starf í frjóu umhverfi sérfræðinga og landvarða sem starfa um allt land þar sem áhersla er lögð á framsýni, samstarf og árangur í þverfaglegri teymisvinnu.

Umsóknarfrestur er til og með 23. 04. 2019

Nánari upplýsingar um starfið á <http://umhverfisstofnun.is/>



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Hönnunarútboð

Leik-, grunn- og tónlistarskóli

Fasteignafélag Árborgar óskar eftir tilboðum frá áhugasömum og hæfum ráðgjöfum í hönnun nýbyggingar fyrir leik- og grunnskóla ásamt tónlistarskóla í Björkurstykki á Selfossi. Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi um 28.690 m² grunn- og leikskólalóð. Gert er ráð fyrir að byggður verði skóli fyrir um 700 börn á aldrinum 1 – 15 ára og um 100 starfsmenn. Áætluð endanleg stærð byggingarinnar er um 10.660 m² brúttó á tveimur hæðum. Gert er ráð fyrir að skólinn verði byggður í nokkrum áföngum á nokkurra ára tímabili. Áætluð stærð 1. áfanga byggingarinnar er um 3.900 m². Markmiðið er að byggja hagkvæman og vel útfærðan skóla sem mætir þörfum metnaðarfulls skólustarfs.

Fasteignafélag Árborgar óskar eftir tilboðum frá hönnunarhópum sem samanstanda af eftirfarandi faghönnuðum:

- Arkitektum
- Verkfræðihönnuðum
 - burðarvirki, lagnir, loftræsting, rafkerfi, lýsingarhönnun
- Landslagsarkitektum
- Ráðgjöfum í brunahönnun
- Ráðgjöfum í hljóðvist

Samkvæmt áætlun skal fullnaðarhönnun 1. áfanga lokið í júní 2020 en útboð jarðvinnu skal fara fram í maí 2020. Útboðsgögn á USB lykli verða afhent hjá Verkis, Ofanleiti 2, 103 Reykjavík frá og með föstudeginum 5. apríl 2019. Tilboðum skal skila á sama stað eigi síðar en föstudaginn 10. maí kl. 11:00 og verða þau þá opnuð að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

PÁSKAEGG Í LIT Í HÚSINU Á EYRARBAKKA



LITRÍKT EGGJAVEKSTÆÐI OPNAR Í EINU ÚTÍHÚSI SAFNSINS.

Gestir ungir og gamlir, mega mála og skreyta hænuegg í tilefni páska. Eggjamálun er opin á sama tíma og safnið 13.–22. apríl kl. 14–17. Allt efni er á staðnum.

Sögusýningin Fangelsið Litla Hraun er í börðstofu Hússins.

Verið velkomin! Ókeypiss aðgangur.

Opnunartímar: 1. maí – 30. sept. alla daga kl. 11–18
eða eftir samkomulagi | Sími: 483 1504 & 483 1082
husid@husid.com | www.husid.com

HÚSID Á EYRARBAKKA
Byggðasafn Árnesinga



Efnistaka í Þórstaðanámu í Ingólfsfjalli.

Mat á umhverfisáhrifum. Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun og athugasemdafrestur.

Drög að tillögu að matsáætlun, athugasemdafrestur frá 9. apríl til og með 26. apríl 2019.

Efnistaka hefur átt sér stað í Þórstaðanámu frá árinu 1957. Umhverfismat fyrir námuna hefur áður farið fram og lauk því með álit Skipulagsstofnunar árið 2006. Nú stendur til að stækka vinnslusvæði námunnar og er nauðsynlegt að fjalla um viðbótina í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Drög að tillögu að matsáætlunum eru nú birt til kynningar á heimasíðu Fossvéla, www.fossvelar.com, og heimasíðu verkfræðistofunnar EFLU, www.efla.is.

Allir geta gert athugasemdir við drögin. Koma skal athugasemdum til Snævarrs Arnar Georgssonar hjá verkfræðistofunni EFLU á netfangið snaevarr.georgsson@efla.is. Skriflegar athugasemdir skal merkja „Þórstaðanáma – efnistaka úr Ingólfsfjalli“ og senda til Snævarrs Arnar Georgssonar, EFLA Verkfræðistofa, Lynghalsi 4, 110 Reykjavík.



Tímabundið starf markaðs- og kynningarfulltrúa laust til umsóknar

Rangárþing eystra auglýsir eftir umsóknum um tímabundið starf markaðs- og kynningarfulltrúa Rangárþings eystra. Starfið er laust frá 15. maí 2019 – 1. maí 2020.

Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf sem felst meðal annars í umsjón með markaðs-, upplýsinga- og kynningarmálum Rangárþings eystra. Framkvæmd viðburða ásamt störfum er tengjast útgáfumálum Rangárþings eystra m.a. á vefmiðlum. Í starfinu felst einnig umsjón og ritstjórn á vef sveitarfélagsins og hugsanlega tengdum vefjum. Í starfinu felst einnig auglýsingagerð, greinarskrif, sérverkefni, samstarfsverkefni, samantektir og skýrslugerð.

Markaðs- og kynningarfulltrúi er einnig ritari Menningarnefndar og Fagráðs Sögusetursins.

Hæfniskröfur:

Háskólamenntun sem nýttist í starfi æskileg. Góð tölvukunnátta er nauðsynleg. Gott vald á ritaðri íslensku er skilyrði en æskilegt er að umsækjandi hafi einnig gott vald á ensku. Starfið krefst frumkvæðis og metnaðar. Umsækjandi þarf jafnframt að vera sjálfstæður í vinnubrögðum og hafa góða skipulagshæfileika ásamt góðri hæfni í mannlegum samskiptum.

Áhugasamir eru beðnir um að skila inn umsókn ásamt ferilskrá á anton@hvolsvollur.is eða með pósti á skrifstofu Rangárþings eystra, Austurvegi 4, Hvolsvelli. Umsóknarfrestur er til 29. apríl 2019.

Nánari upplýsingar veitir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri.

Mikil eftirspurn eftir húnæði í Rangárþingi ytra



Hús í byggingu á Hellu.

Í nýrri húnæðisáætlun Rangárþings ytra 2019 kemur fram að mikil eftirspurn hefur verið eftir íbúðum í Rangárþingi ytra. Þar segir einnig að skortur hafi verið á litlum og ódýrari íbúðum fyrir barnafólk og fyrir eldra fólk sem vill minnka við sig. Einnig hefur borið á skorti á íbúðum fyrir fjölmarga starfsmenn hinna ýmsu fyrirtækja sem starfrækt eru í sveitarfélaginu og þá sérstaklega litið til Hellu og nágrennis í því sambandi.

Gríðarleg uppbygging í formi ferðaþjónustu hefur verið í sveitarfélaginu og liggur fyrir að sveitarfélagið þarf að bregðast við með aðkomu sinni í að byggðar verði nýjar íbúðir þar sem lítið sem ekkert er til af lausum íbúðum í dag. Framboð á húnæði hefur verið af skornum skammti á Hellu, þar sem umrædd uppbygging á starfsemi hefur farið fram úr þeim áætlunum sem fyrir liggja. Er sveitarfélagið Rangárþing ytra ekki eitt um þá stöðu þar sem svipaðar aðstæður eru og hafa verið að skapast víðast hvar á landinu.

Hafnar eru framkvæmdir við byggingu á u.þ.b. 50 íbúðum í sveitarfélaginu. Þar af eru um 30 íbúðir í þéttbýlinu Hellu. Ástæða slíkrar uppbyggingar má rekja til langvarandi skorts á íbúðum, lágs lóðarverðs þar sem eingöngu er innheimt gatnagerðargjald og lóðarleiga, en ekki seldur byggingarréttur eins

og tíðkast hefur á höfðuborgarsvæðinu og jafnframt samþykkt sveitarstjórn að selja 8 íbúða fjölbýlishús í eigu sveitarfélagsins. Samhliða sölnunni voru gerðir samningar við þrjá mismunandi verkataka um kaup á 6 nýjum íbúðum í stað þeirra sem seldar voru. Þeir samningar gerðu það að verkum að grundvöllur myndaðist hjá verktökum til að sjá fyrir sér möguleika á byggingu fleiri íbúða, bæði til sölu og leigu á almennum markaði. Mikil gróska er einnig í byggingu einkaaðila, bæði á Hellu og utan þéttbýlis.

Verkefnið framundan í húnæðismálum eru tvíþætt:

Huga þarf að leiðum til að koma húnæðismarkaðinum á Hellu á hreyfingu. Framboð á húnæði þarf að miðast við eðlilega endurnýjun og tryggja það að húsagerðir svari þörfum allra aldurs- og þjóðfélagsþópa.

Tryggja þarf að þannig sé staðið að uppbyggingu nýs húnæðis að staðsetning, stærð og gerð þess falli vel að þörfum íbúa. Heildarframboðið sé líklegt til að henta vel íbúum á öllum aldri og nauðsynlegri þróun samfélagsins. Gæta þarf samræmis við yfirbragð byggðarinnar, nýta vel innviði, huga að gönguhæfi og tryggja að ekki verði offramboð á markaði.

Til að þetta geti orðið að veruleika þarf aðkoma sveitarfélagsins að miðast við að fram-

boð lóða sé nægjanlegt og auk þess að skoða með mögulega aðkomu sveitarfélagsins að húnæðismarkaði í tengslum við lög um húnæðismál nr. 44/1998 m.s.br. og þessi húnæðisáætlun er grundvöllur fyrir. Megininntak greiningarinnar á húnæðismarkaði, sem leiðbeint getur um tilhögun uppbyggingar, forgangsroðun og aðrar áherslur er:

Farið er yfir reynslu annarra sveitarfélaga sem hafa verið í sömu sporum og Rangárþing ytra er nú.

Staða húnæðismarkaðarins er greind og spáð fyrir um íbúafjölgun og þörf á húnæði.

Lagt er mat á hvaða stærðir húnæðis og íbúðaform henta á Hellu í næsta áfanga uppbyggingar.

Reiðuð eru helstu atriði sem huga þarf að við þróun byggðar til að tryggja gæði byggðarinnar til framtíðar.

Loks er farið yfir möguleg svæði til uppbyggingar íbúðarhúnæðis á grunni fyrirbyggjandi aðalskipulags, greint hvar eru möguleg svæði til uppbyggingar, farið yfir stöðu deiliskipulags og mögulega áfangaskiptingu varðandi uppbyggingu.

Úr inngangi að húnæðisáætlun Rangárþings ytra 2018 sem *Haraldur Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingafulltrúi, tók saman.*

Grunnskólamót í sundi

Nemendur Sunnulækjar-skóla tóku þátt í grunnskólamóti í sundi sem fram fór í Laugardalslaug, þriðjudaginn 26. mars. Farið var í rútu ásamt nemendum Vallaskóla.

Rúmlega 40 skólar tóku þátt með yfir 600 keppendur en mótið fer stækkandi ár hvert. Keppt var í tveimur flokkum; miðstigi (5.–7. bekk) þar sem 53 lið tóku þátt og unglingastigi (8.–10. bekk) þar sem 28 skólar tóku þátt. Ekki komumst við áfram í milliriðla að þessu sinni en allar sveitirnar áttu flotta spretti þar sem börnin voru algjörlega að gera sitt besta. Synt var 8×25 metra boðsund með frjálstri aðferð,



Mynd: Sundsamband Íslands, boðsundskeppni.

blandaðar sveitir skipaðar fjórum strákum og fjórum stelpum. Mótið er útsláttarkeppni þar sem fyrst var keppt í undanrásum. Níu hröðustu sveitirnar úr hvorum flokki komust áfram í fyrri

undanúrslit. Sex hröðustu af þeim komust svo áfram í seinni undanúrslit og þrjár hröðustu sveitirnar kepptu svo í úrslitum í lokin. Úrslitin má nálgast á heimasíðu Sundsambandsins.

Vörðukórinn með tónleika

Vörðukórinn er býsna stór þetta árið, eins og sjá má á mynd, enda koma félagar víða að, ekki bara úr Hreppum, Tungum og af Skeiðum, eins og var þegar kórinn var stofnaður heldur kemur fólk úr Flóa, Grímsnesi og Laugardal og núna síðustu misserin hafa nokkrir Rangæingar bæst í hópinn.

Það er því vel við hæfi að halda austur yfir Þjórsá en föstudagskvöldið 26. apríl verður Vörðukórinn með tónleika í Menningarheimilinu á Hellu og hefjast klukkan 20.

Tvennir aðrir tónleikar eru ráðgerðir, 17. apríl verður kórinn á Flúðum klukkan 20.30 og í Reykholtskirkju í Borgarfirði laugardaginn 27. apríl klukkan 16 í samvinnu við Reykholtskórinn.

Efnisskráin er fjölbreytt en sem dæmi má nefna lög sem eru tengd þeim héruðum sem



við syngjum í eins og *Rangárþing*, gullfallett lag Björgvins Þ. Valdimarssonar við ljóð Sigurjóns Guðjónssonar og *Borgarnes Halldórs Sigurðssonar*. Þá má nefna lag Sigurðar Ágústssonar *Árnesþing* sem hefur fylgt kórnum lengi, við ljóð Eiríks Einarssonar sem er úr kvæðabálki sem hann nefnir Vísur gamals Árnesings. Því fer fjarri að þessi lög séu einhver héraðsrembingur, heldur miklu fremur óður til fjölbreytilegrar náttúru og lands-

lags sem og mannlífs. Í síðasta mánuði lauk kórinn við upptökur á geisladiski sem verður gefinn út í haust. Eru þar 17 lög og ekki laust við að nokkur spennigur sé hjá kórfélögum hvernig til hefur tekist og vonandi bíða væntanlegir kaupendur í röðum.

Stjórnandi Vörðukórsins er Eyrún Jónasdóttir í Kálfholti og undirleikari Arnhildur Valgarðsdóttir kórstjóri í Fella- og Hóla-kirkju.

Búum vel - heilsu- og vinnuvernd bænda

Kvenfélögin og búnaðarfélagin í Skeiða- og Gnúpverjahreppi taka höndum saman og bjóða til fundar mánudaginn 15. apríl kl. 20:00 í Félagsheimilinu Brautarholti, Skeiðum. Á fundinum verður fjallað um heilsu og vinnuvernd bænda.

Verkefnið „Búum vel“ hefur verið rekið um árabíl í

samvinnu Bændasamtakanna og búnaðarsambanda víðs vegar um landið. Haldin hafa verið erindi á nokkrum stöðum og er greinilegt á mætingu og umræðum fundargesta að málefnið vekur áhuga og er brýnt.

Á fundinum fjalla Guðmundur Hallgrímsson um verkefnið „Búum vel“, Pétur Skarphéðinsson lækni um vinnuumhverfi

bænda og Hugufrún Vignisdóttir sálfræðingur um þunglyndi og kvíða, byrjunareinkenni og hvað sé til varnar.

Kvenfélögin bjóða upp á veitingar í hléi. Kvenfélag Gnúpverja, Kvenfélag Skeiðamanna, Búnaðarfélag Gnúpverja og Búnaðarfélag Skeiðamanna hvetja alla til að mæta.



Laus störf við Laugalandsskóla

Eftirtaldar stöður eru til umsóknar við Laugalandsskóla í Holtum, Rangárþingi ytra, skólaárið 2019-2020.

Ein 100% staða þroskajálfa og/eða kennara.
Einnig 100% staða sérkennara.

Um er að ræða kennslu nemenda með sérþarfir, íslenskukennslu og dönskukennslu á unglingastigi. Þroskajálfi og/eða kennari vinnur aðallega með nemendum á yngsta stigi.

Umsækjendur þurfa að hafa kennsluréttindi eða aðra menntun við hæfi, góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum.

Laugalandsskóli er í um 100 km fjarlægð frá Reykjavík. Húsnæði á staðnum og/eða í sveitinni.

Umsóknarfrestur er til 26. apríl 2019.

Veffang: <http://www.laugaland.is>. Netfang: laugholt@laugaland.is

Upplýsingar veitir skólastjóri í vs. 487 6540 og gsm. 896 4841. og aðstoðarskólastjóri vs. 487 6544.



Sveitarfélagið ÁRBORG

Rekstur samkomuhússins Staðar á Eyrarbakka

Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir áhugasömum aðilum sem vilja leigja samkomuhúsið Stað á Eyrarbakka. Um er að ræða daglegan rekstur hússins sem m.a. felst í:

- Yfirumsjón, eftirliti og þrifum á húsnæðinu
- Útleigu á samkomusal
- Minni viðhaldsverkum
- Rekstur upplýsingamiðstöðvar í anddyri yfir sumarið

Samkomuhúsið Staður er samkomuhús á Eyrarbakka í eigu Sveitarfélagsins Árborgar þar sem Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er með hluta af íþróttakennslu, Ungmennafélag Eyrarbakka með æfingaaðstöðu og kvenfélag Eyrarbakka með funda- og félagsaðstöðu. Í salnum eru flest allar samkomur sem haldnar eru á svæðinu líkt og þorablót, erfidrykkjur, ýmsar veislur og fleira en tækifæri er fyrir rekstraraðila að auka við útleigu þar sem tekjur af henni renna til rekstraraðila. Yfir sumartímann hefur verið upplýsingamiðstöð í anddyri hússins.

Áhugasamir geta fengið nánari upplýsingar hjá Braga Bjarnasyni, menningar- og frístundafulltrúa Árborgar í síma 480 1900 eða í tölvupósti á bragi@arborg.is. Umsóknir þurfa að innihalda ferilskrá umsækjanda ásamt stuttri greinargerð um ástæðu umsóknar.

Umsóknir skal senda í tölvupósti á bragi@arborg.is merkt „Staður Eyrarbakka“ fyrir 30. apríl 2019.

Sveitarfélagið Árborg



Staða skólastjóra Flúðaskóla á Flúðum

Staða skólastjóra við Flúðaskóla er laus til umsóknar frá og með næsta skólaári. Flúðaskóli er staðsettur í þéttbýliskjarnanum á Flúðum í Hrunamannahreppi. Óskað er eftir metnaðarfullum og áhugasömum leiðtoga.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Veita faglega forystu og leiða þróun skólastarfs til framtíðar í samræmi við skólastefnu.
- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum.
- Vinna að framvindu og þróun í starfi skólans.
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf sem grunnskólakennari og farsæl kennslureynsla í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og kennsluslufraeða og/eða farsæl stjórnunarreynsla.
- Færni og reynsla í starfsmannastjórnun, stefnumótun og áætlunargerð.
- Hæfni í samskiptum og metnaður til árangurs.
- Reynsla í fjármálastjórnun kostur.

Í Flúðaskóla eru að jafnaði við nám 100 nemendur. Samvinna er við Skeiða- og Gnúpverjahrepp um kennslu nemenda í 8.-10. bekk. Frekari upplýsingar um skólastarfið má finna á <http://www.fludaskoli.is>.

Í Hrunamannahreppi búa um 800 íbúar og þar af býr um helmingur í þéttbýlinu á Flúðum. Óflug atvinnustarfsemi er í sveitarfélaginu og blómlegt mannlíf. Leikskóli, sundlaug, bókasafn og önnur stöðþjónusta er til staðar í þéttbýlinu á Flúðum. Stutt er í helstu ferðamannastaði og náttúruperlur á Suðurlandi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.

Umsóknarfrestur er til 26. apríl nk. en æskilegt er að starfsmaðurinn geti hafið störf eigi síðar en 1. ágúst nk. eða eftir samkomulagi. Með umsókn skal fylgja starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem tilgreindar eru ástæður umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknum og fylgigögnum skal skilað á skrifstofu Hrunamannahrepps, Akurgerði 6, 845 Flúðir eða á netfangið hruni@fludir.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri í síma 480 6600 eða á netfangið jon@fludir.is.

RISA PRENTUN

A0 • A1 • A2 • LJÓSMYNDIR
VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT
RÚLLUSTANDAR



prentmet
HRADI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

SÍMI 482 1944
SELFOS@PRENTMET.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOS

Ný sýning í Listasafni Árnesinga: Mismunandi endurómun

Næsta sýning í Listasafni Árnesinga er *Mismunandi endurómun*, sýning á verkum sex listamanna sem allir búa og starfa í Þýskalandi. Einn þeirra er Íslendingurinn Sigrún Ólafsdóttir frá Selfossi, Elly Valk-Verheijen sem er Hollendingur og Þjóðverjarnir Annette Wesseling, Ekkehard Neumann, Friedhelm Falke og Nikola Dimitrov. Sýning með sama heiti hefur verið sett upp í söfnum og galleríum í nokkrum löndum Evrópu og nú verður hún sett upp í Listasafni Árnesinga. Lykilstefið í sýningunni er að ná fram gagnvirkum endurómi verkanna á milli og láta þau kallast á við ólíka sýningarstaði. Ekki er um eiginlega farandsýningu að ræða því verkin á hverja sýningu eru valin með tilliti til misstórra sýningarstaða og í samráði við sýningarstjóra þeirra. Sýningarstjóri sýningarinnar í Listasafni Árnesinga er Inga Jónsdóttir.

Stærð og umfang verkanna er mjög mismunandi, efni- viðurinn margvíslegur og viðfangsefnið ólíkt, en sýningin snýst um það að ná jafnvægi milli þessara andstæðna. Verk listamannanna sýna að myndlist er rannsóknarvinna sem byggist á forvitni, tilraunum, framkvæmd og endurtekningu.



Sigrún Ólafsdóttir.

Fjölbreytileikinn felst í hugmyndalegri útfærslu verkanna sem eru unnin með blandaðri tækni, ýmist ný eða eldri, skulptúrur, málverk, textill og innsetningar af ýmsum toga. Heyra má og sjá samhljóm og enduróm sem spannar víðan skala lífræns flæðis andspænis agaðri formfestu, mýkt gegnt hörku, kyrrð mót ágengni, léttleika andspænis þyngd svo eitthvað sé til-

greint. Saman kallast verkin á og ná að magna hvert annað svo áhorfendur hafa margt að skynja og geta fundið ríkulega endurgjöf og samtal, gefið, tengt og þegið ef þeir leggja sig eftir því.

Sýningin, sem er m.a. styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurlands, mun standa til og með 2. júní 2019. Aðgangur að safninu er ókeypis og allir velkomnir – líka á opnun sýningarinnar.

Árshátíð unglíngastígs í Flúðaskóla: Tíminn flýgur áfram

Miðvikudagskvöldið 27. mars sl. héldu nemendur unglíngastígs í Flúðaskóla árshátíð sína með pomp og prakt. Nokkur hefð hefur skapast fyrir því að sett sé á svið leikrit á unglíngastigi, en það var í fyrsta skipti gert árið 2014. Á þessum árum hafa mörg snilldarverkin verið sett upp. Vinnan í kringum sýningarnar hefur þróast og breyst. Nú er svo komið að allir nemendur í 8.–10. bekk taka þátt í árshátíðarvali. Í ár hófst valið í nóvember. Kennarar og nemendur leggja í hugmyndavinnu með efnistöð og smátt og smátt verður til leikverk sem í ár ber heitið Tíminn flýgur áfram. Verkið gerist á þremur æviskeiðum í lífi nokkurra einstaklinga. Það er í senn fyndið, hefur boðskap að færa og þar fá að njóta sín ótrúlegir hæfileikar nemenda. Þar er sungið, leikið, grátið og hlegið. Gríðarleg vinna liggur að baki sýningu sem þessari. Nemendur hafa staðið sig frábærlega og það sama á svo sannarlega við um kennarana sem halda utan um valið. Leiðandi í þessu starfi er Árni Þór Hilmarsson. Í ár var árshátíðarvalið unnið í samtarfi við Stefán Þorleifsson í Tónsmíðju Suðurlands.

Ómetanlegt er að fá að fylgjast með vinnu sem þessari og sjá glæsilegan afrakstur starfsins. Geysilega mikið nám á sér stað í þessu ferli og er gaman að sjá einstaklingana blómstra, hvern á sínum forsendum, hvort sem það er í leik, söng, tæknimálum, hugmyndavinnu, sem sviðsmenn eða við leikmuna- og leikmyndagerð.



Skólustjórnendur Flúðaskóla

Klippt og skorið í Listagjanni á Selfossi

Spennandi sýning listakonunnar Guðnýjar Guðmundsdóttur er í fullum gangi um þessar mundir í Listagjanni í Bókasafni Árborgar á Selfossi. Guðný hefur síðan 2006 stundað klippilist þar sem verk eru sköpuð úr ólíkum litskrúðugum bútum sem klipptir eru saman og mynda sjálfstætt verk. Þessi aðferð



nefnist collage en orðið er dregið af franska orðinu coller sem merkir að líma. Það voru Georges Braque og Pablo Picasso sem fundu orðið upp en klippiverk voru þá orðin áberandi þáttur í nútímalist. Í samtali við Guðnýju segir hún: „Sérhver mynd varðveitir örlítinn þátt af sál minni og tilveru.“ Guðný hefur sérstaka aðferð í list sinni sem felst í röðun lita og blæbrigða en stundum fer hún aðrar leiðir þegar innblásturinn beinir henni á þær.



Skrifað landslag í Bókasafni Hveragerðis

Miðvikudaginn 10. apríl opnar sýning á verkum eftir Guðmund Óskarsson á Bókasafninu í Hveragerði. Guðmundur hefur látið frá sér fjórar bækur undanfarin ár; eitt smásagnasafn og þrjár skáldsögur. Fyrir skáldsöguna Bankster hlaut Guðmundur Íslensku bókmenntaverðlaunin 2009.


Myndlistarsýningin ber yfirskriftina „Skrifað landslag“. Verkin eru öll unnin með penna og bleki á pappír. Handskrifaðar sögur úr smásagnasafni Guðmundar, Vaxandi nánd (2007), mynda kunnugleg form í framandi litum.

Um er að ræða fyrstu einkasýningu Guðmundar. Sýn-



Guðmundur Óskarsson.

ingin er opin á sama tíma og bókasafnið, mánudaga kl. 11-18:30, aðra virka daga kl. 13-18:30 og laugardaga kl. 11-14, út apríl.



Eitt verka Guðmundar.

Parft þú að sjást á netinu?

Námskeið í markaðssetningu á netinu verður haldið í Fjölheimum á Selfossi 29. og 30. apríl n.k.

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem þurfa að vera sýnilegir með vöru eða þjónustu á netinu og er styrkt af Sóknaráætlun Suðurlands.

Nánari upplýsingar um námskeiðið eru á www.sass.is
skráningarfrestur er til 25. apríl

Léttum þér lífið

dagar

VERTU Í HÓPI ÁNÆGDRA VIÐSKIPTAVINA

Dagar þjónusta fyrirtæki með reglulegar ræstingar, hreingerningar, viðhald gólfa og annað sem þarf til að viðhalda húsnæði. Okkar 800 manna hópur leysir frá degi til dags fjölbreytt verkefni á 20 stöðum á landinu. Dagar búa að áratuga reynslu sprottinni úr alþjóðlegu samstarfi sem hefur fært okkur vel mótað verklag og stranga staðla. Þar haldast skipulag og sveigjangleiki hönd í hönd, þótt sólarhringurinn sé alltaf 24 klukkustundir eru engir tveir dagar eins.

Við hlökkum til að léttu þér lífið með bros á vör

Hafðu samband við Krístrúnu í síma 693 4934 eða kristrun@dagar.is eða Helgu Flosa í síma 854 1610 eða helga@dagar.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Laus störf á Mannvirkja- og umhverfissviði Árborgar

Starfsmaður í umhverfisdeild

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar óskar eftir að ráða starfsmann í umhverfisdeild. Starfið heyrir undir verkstjóra umhverfisdeildar.

Ábyrgðar og starfssvið

Umhverfideild Árborgar sér um skipulagningu, uppbyggingu og viðhald garða og opinna svæða í sveitarfélaginu. Starfsmaður sinnir viðhaldi og ræktun opinna svæða sem og öðrum verkefnum sem snúa að umhverfisdeild.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af verklegum framkvæmdum tengdum umhverfismálum

Starfsmenn í umhverfisdeild - Sumarstarf

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar óskar eftir að ráða sumarstarfsmenn í umhverfisdeild Árborgar. Starfið heyrir undir verkstjóra umhverfisdeildar.

Ábyrgðar og starfssvið

Umhverfideild Árborgar sér um skipulagningu, uppbyggingu og viðhald garða og opinna svæða í sveitarfélaginu. Starfsmaður sinnir viðhaldi, ræktun plantna og trjáa sem og öðrum verkefnum sem snúa að umhverfisdeild.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af verklegum framkvæmdum er kostur

Starfsmenn í þjónustumiðstöð – Sumarstörf

Framkvæmda- og veitusvið Árborgar óskar eftir að ráða starfsmenn í þjónustumiðstöð Árborgar sem fyrst. Starfið heyrir undir verkstjóra þjónustumiðstöðvar.

Ábyrgðar- og starfssvið:

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar sjá m.a. um viðhald og hreinsun gatna þ.m.t. viðhald og hreinsun opinna svæða, rekstur fráveitu og gámasvæðis sveitarfélagsins auk ýmskonar þjónustu við stofnanir sveitarfélagsins og íbúa.

Almennar hæfniskröfur:

- Reynsla af verklegum framkvæmdum

Starfsmaður í þjónustumiðstöð – Tækjamaður

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar óskar eftir að ráða tækjamaðmann í fullt starf. Starfið heyrir undir verkstjóra þjónustumiðstöðvar.

Ábyrgðar- og starfssvið:

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar sjá m.a. um viðhald og hreinsun gatna þ.m.t. viðhald og hreinsun opinna svæða, rekstur fráveitu og gámasvæðis sveitarfélagsins auk ýmskonar þjónustu við stofnanir sveitarfélagsins og íbúa.

Almennar hæfniskröfur:

- Vinnuvélaréttindi
- Meirapróf er kostur en ekki skilyrði

Starfsmaður í þjónustumiðstöð – Vörubílstjóri í sumarflæysingu

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar óskar eftir að ráða vörubílstjóra í sumarflæysingu. Starfið heyrir undir verkstjóra þjónustumiðstöðvar.

Ábyrgðar- og starfssvið:

Starfsmenn þjónustumiðstöðvar sjá m.a. um viðhald og hreinsun gatna þ.m.t. viðhald og hreinsun opinna svæða, rekstur fráveitu og gámasvæðis sveitarfélagsins auk ýmskonar þjónustu við stofnanir sveitarfélagsins og íbúa.

Almennar hæfniskröfur:

- Meirapróf
- Vinnuvélaréttindi

- Menntun sem nýtist í starfi er kostur
- Vinnuvélaréttindi kostur
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, nákvæmni og frumkvæði

Um er að ræða fullt starf. Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Birna Kjartansdóttir, verkstjóri umhverfisdeildar í síma 480 1500 á skrifstofutíma. Umsókn þarf að berast í síðasta lagi föstudaginn 26. apríl nk. á netfangið birna@arborg.is.

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum.

- Vinnuvélaréttindi kostur
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, nákvæmni og frumkvæði

Um er að ræða fullt starf sumarið 2019. Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Birna Kjartansdóttir, verkstjóri umhverfisdeildar í síma 480 1500 á skrifstofutíma. Umsókn þarf að berast í síðasta lagi föstudaginn 26. apríl nk. á netfangið birna@arborg.is.

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum.

- Vinnuvélaréttindi æskileg en ekki skilyrði
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, nákvæmni og frumkvæði

Um er að ræða fullar stöður sumarið 2019. Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Kristján Jóhannesson, verkstjóri þjónustumiðstöðvar, í síma 480 1500 á skrifstofutíma. Umsókn þarf að berast í síðasta lagi föstudaginn 26. apríl nk. á netfangið kristjanjo@arborg.is.

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum.

- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, nákvæmni og frumkvæði

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Kristján Jóhannesson, verkstjóri þjónustumiðstöðvar, í síma 480 1500 á skrifstofutíma. Umsókn þarf að berast í síðasta lagi föstudaginn 26. apríl nk. á netfangið kristjanjo@arborg.is.

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum.

- Reynsla af verklegum framkvæmdum
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Góð þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, nákvæmni og frumkvæði

Um er að ræða fulla stöðu sumarið 2019. Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Kristján Jóhannesson, verkstjóri þjónustumiðstöðvar, í síma 480 1500 á skrifstofutíma. Umsókn þarf að berast í síðasta lagi föstudaginn 26. apríl nk. á netfangið kristjanjo@arborg.is.

Starfið hæfir jafnt konum sem körlum.

Úr Grímsnesinu góða

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur þegar á fyrsta ári kjörtímabilsins 2018 - 2022 stigið nokkur skref, sem ætla má að séu til heilla fyrir samfélagið. Til upprifjunar fyrir lesendur má hér nefna ívilnanir fyrir barnafólk og eldri borgara, sem kynntar hefur verið rækilega í fundargerðum sveitarstjórnar á heimasíðu GogG og í Dagbók sveitarstjórnar á Fjasbók.

Nú stendur fyrir dyrum að endurskoða samfélagsstefnu GOGG. Sett hefur verið af stað vinna í öllum nefndum sveitarfélagsins sem aðkomu hafa að eða tengst geta samfélagslegum markmiðum sveitarfélagsins. Eftir undirbúningsfundahöld í öllum slíkum nefndum, var haldinn íbúafundur fimmtudaginn 21. mars - með þátttöku flestra nefndarmanna, allra sveitarstjórnarmanna og fáeinna íbúa annarra!

Fundurinn var vel heppnaður, umræður urðu fjörugar og fram komu fjölbreytt sjónarmið sem vonandi verður haldið til haga og unnið meira með í þeirri vegferð sem framundan er við gerð samfélagsstefunnar. Næsti fundur um þau málefni hefur verið boðaður 29. apríl, en full ástæða er til þess fyrir alla sem hér eiga hlut að máli að hræra í sínum hugarpotti og láta vita jafnharðan ef örlar á markverðum og/eða róttækum hugmyndum, sem nýst gætu og orðið málefni til framdráttar. Raunar hefur oddviti vor hvatt til almennrar þátttöku í slíkri hugmyndavinnu og boðað að gagnvegir liggi til nefndarformanna og sveitarstjórnarmanna í gegnum síma og tölvupóst, ef því er að skipta!

Rannsóknarsetur á Laugarvatni

Nú ætla ég að gera lykkju á leið mína og segja frá viðburði sem ég sótti í liðinni viku, nefnilega opnunarhátíð Rannsóknaseturs sveitarstjórnarmála á Laugarvatni. Þar héldu stuttar ræður nokkrir framámenn og töluðu lipurlega um hlutverk og nauðsyn þess að setja slíkt þekkingarsetur á fót.

Hjá einum ræðumanni (Björgu Ágústsdóttur) kom fram að sveitarstjórnir hafa stjórnunar- og eftirlitshlutverk, eins og allir vita. Þær fara með vald og veita þjónustu. Björg talaði hins vegar meira um umboðshlutverk sveitarstjórna og sveitarstjórnarmanna. Í því felst, að sögn Bjargar, m.a. þetta:

- að gegna leiðtogahlutverki, leiða breytingar, skapa jarðveg fyrir breytt hugarfar. Þetta leiðtogahlutverk er ef til vill stærsta hlutverk sveitarstjórnarmanna
- að breyta hugarfari er jafnvel fremur á færi sveitarstjórna en landsstjórnar. Miklar breytingar eru framundan, þær mest knýjandi tengjast

Bjarni Þorkelsson,

sveitarstjórnarmaður, Þór-
oddsstöðum í
Grímsnesi.



loftslagsmálum. Út um víða veröld leiða borgar- og sveitarstjórnir þær breytingar

- að tryggja það að viðbrögð við þessum breytingum byggist á þekkingu og rannsóknnum - og finna leiðir til að láta hvort tveggja rata inn í stefnu sveitarfélaga
- að fá ólík sjónarmið að borðinu, fá fólk til að tala saman, efla virkt íbúalýðræði. Það er löngu úreltur hugsunarháttur að sveitarstjórnar fólk sé kosið til að taka allar ákvarðanir út kjörtímabilið, án samráðs og samvinnu.
- að koma sér upp markvissri aðferðafræði til að láta lýðræðið virka og tryggja áhrif íbúa og mismunandi hópa s.s. ungmenna, nýbúa, aldraðra o.s.frv.
- að leiða þróun, virkja þörf og forvitni, líka með sérstöku tiliti til skólastarfs og uppeldismála.
- að innleiða **staðaranda** í skipulagsstefnu sveitarfélaga, vera ævinlega á tánum að hyggja að sérstöðu samfélagsins.

Tilraun yðar einlægs til að standa undir nafni sem sveitarstjórnarmaður

Að þessu sögðu, og fremur en að fljóta nú sofandi að feigðarósi, held ég nú áfram og kynni mína persónulegu framtíðarsýn á landsvísi um nauðsyn þess að, a) leikskóli verði gjaldfrjáls, b) fæðingarorlof þurfi að lengja svo um munar og c) almennan vinnutíma þurfi að stytt. Þessar róttæku breytingar eru nauðsynlegar - kannski lífsnauðsynlegar - vegna barnanna okkar. Uppeldis- og fjölskyldustefnu verðum við að taka upp þeirra vegna, ef ekki á illa að fara. Og við höfum ekki endalausan tíma til að bregðast við. Það sýna allar rannsóknir, samanburðarmælingar og umfjöllun um uppeldis-, fræðslu- og heilbrigðismál og mörg fleiri álitamál sem daglega ber á góma hér á landi.

Til þess að koma þessu í kring þarf samhent átak ríkis og sveitarfélaga. En - þótt almennt sé ekki hægt að ætlast til að sveitarfélögin geti ein axlað þessa ábyrgð, mætti hugsa sér að skref í áttina yrðu tekin. Á íbúafundinum sem vitnað var í hér að ofan, komu fram athyglisverðar hugmyndir um að hægt væri að koma böndum á eða stýra dvalartíma leikskólabarna - til heilla fyrir alla aðila - með því að hafa vistunartímann misdýran. Þannig yrði til dæmis

ódyrt að hafa börnin í skólanum fyrri hluta dags, en öllu dýrara síðdegis, til dæmis frá kl. 2. Er hugsanlegt að slík verðstýring geti haft heilladrjúg áhrif á samverustundir fjölskyldnanna? Ef svarið er já, þá væri til nokkurs barist.

Helstu rök

En hver eru helstu rök fyrir því að Grímsnes- og Grafningshreppur taki ákveðin skref í þessa átt, hafi hann til þess burði? Sum þeirra raka eiga auðvitað við alls staðar á byggðu bóli, önnur eiga ef til vill sérstaklega við hér í sveit. Gáum að því:

1. Barnvænt samfélag er sjálf-sagt keppikefli.
2. Jafnrétti allra barna til skólanáms og skólavistar yrði betur tryggt með þessum hætti, óháð efnahag foreldra - á þeim jafna rétti má aldrei leika hinn minnsti vafi.
3. Einstakir þættir, sem nefndir hafa verið, eru komnir til framkvæmda eða eru til skoðunar hjá nokkrum sveitarfélögum, þótt ekki sé kunnugt hvort nokkurs staðar gildi allt þrennt - ennþá: Gjaldfrjáls leikskóli, gjaldfrjálsar máltíðir fyrir skólabörn, gjaldfrjáls námsgögn fyrir öll skólabörn.
4. Segja má að hér sé um að ræða eðlilegt skref í þróun skólamála í Grímsnes- og Grafningshreppi, næst á eftir því að

- a) flytja skólann á Borg,
- b) taka skólann í eigið fang,
- c) sameina leik- og grunn-skóla í eina stofnun og
- d) reka heildstæðan grunn-skóla.

Þetta voru umdeildar ákvarðanir, sem taldar voru orka tvímælis þá er teknar voru, en munu vonandi allar reynast gæfuspör í fræðslumálum sveitarfélagsins.

C - liður í upptalningunni hér að ofan, sem feitletraður er, gefur sérstakt tilefni til þess að hugað sé að jafnræði allra nemenda Kerhólsskóla, þótt séu á mismunandi skólastigi. Þannig ætti að vera hægt að flýta fyrir því að almennt sé litið á skólagöngu barna sem heildstætt ferli, sem standi frá 1-2 ára aldri og út allan leik- og grunnskólann.

Lokaorð

Hér fer vel á því að vitna í orð Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra, þegar hún kynnti til sögu tímabæran Barnamenningsjóð, sem Alþingi samþykkti að koma á fót á hátíðafundinum á Þingvöllum 18. júlí sl. : „...þau samfélög sem hafa trú á framtíðinni hlúa einkum og sér í lagi að börnum sínum.“ Svipuð afstaða kom fram í ræðu Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, við sama tækifæri: Að samfélög yrðu metin eftir því hversu vel þau gerðu við börn sín.

Forseti Íslands setti Íslenska daga sem standa til 20. apríl



Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI, afhenti forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni, bók sem gerð var af þessu tilefni.

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, sem er verndari átaksins Íslenskt – gjörið svo vel setti í gær með formlegum hætti Íslenska daga í verslun Bónus á Garðatorgi. Innlendir matvælaframleiðendur og verslanir hafa tekið höndum saman og ætla að vekja athygli á úrvali íslenskra vara í fjölmörgum verslunum víða um land fram til 20. apríl næstkomandi. Af þessu tilefni var sérstök bók með myndum af úrvali íslenskra vara afhent forseta Íslands til varðveislu á Bessastöðum.

Að baki áttakinu Íslenskt – gjörið svo vel standa Samtök iðnaðarins, Samtök atvinnulífsins, Samtök verslunar og þjónustu og Bændasamtök Íslands. Átakið hófst í nóvember

síðastliðnum þegar landsmönnum gafst kostur á að fara inn á vefsvæðið gjoridsvovel.is til að setja saman lista yfir þær íslensku vörur sem ætti að bjóða erlendum gestum. Tilgangur átaksins er að efla vitund Íslendinga á íslenskum vörum en átök sem þessi hafa verið reglulega undanfarin ár. Fyrirtæki sem framleiða eða selja íslenskar vörur geta tekið þátt í áttakinu. Miðað er við vörur sem uppfylla þau skilyrði sem fram koma í fánalögum. Þau fyrirtæki og þeir framleiðendur sem taka þátt í áttakinu fá aðgang að myndmerki þess og geta nýtt það á umbúðir, heimasíður, samfélagsmiðla eða annað kynningarefni sitt.

VOR Í ÁRBORG
25. - 28. apríl



- Fimmtudagur 25. apríl - Sumardagurinn fyrsti**
17:00 Menningarviðurkenning Sveitarfélags Árborgar 2019 afhent á Hótel Selfoss. Karítas Harpa og Unglingakór Selfosskirkju flytja valdar söngperlur.
Opnun sýningar á Hótel Selfoss - Myndlistarfélag Árnesinga og Ljósmyndaklúbburinn Blik.
- Föstudagur 26. apríl**
21:00 Kvöldstund með Þóri Geir. Gimli Kaffihús, Stokkseyri. Þóri Geir og Fannar spila vel valda tóna í tilefni komu sumars.
Frítt inn.
- Laugardagur 27. apríl**
16:00 Söngvaskáldið Svavar Knútur spilar í Eyrarbyggjakirkju. Allir velkomnir. **Frítt inn.**
- Sunnudagur 28. apríl**
16:00 Bakkastofa Eyrarbakka, Valgeir Guðjóns og Ásta Krístrún standa fyrir fjölskylduvænum fuglatónleikum í sal gamla frystihúsisins. **Frítt inn.**

Nánar um dagskrá Vor í Árborg á heimasíðu sveitarfélagsins – www.arborg.is

HIÐ ÁRLEGA PÁSKA



10. BEKKJAR SUNNULÆKJARSKÓLA

Verður haldið í Fjallasal skólans
fimmtudaginn 11. apríl kl. 18:00
Spjaldið kostar 500 kr. og sjoppa verður á staðnum.
ENGINN POSI - einungis hægt að greiða með peningum.
FJÖLDI GLÆSILEGRA VINNINGA
bæði frá fyrirtækjum á staðnum og á höfuðborgarsvæðinu.



FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU

Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA fundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg

Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efri hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

Geðræktarmiðstöðin
Batasetur Suðurlands

Opnunartími í vetur
miðvikudaga kl. 10-14
Kaffi Líf (við hliðina á Nettó)
föstudaga kl. 10-14
í Strókshúsinu

FUNDIR

Vöflukaffi



22. vöflukaffið og jafnframt
það síðasta á þessum vetri
verður haldið næsta föstu-
dag 12. apríl að Eyravegi 15
á 2. hæð milli kl. 16 og 18.
Að þessu sinni verða 2
gestir hjá okkur, Jón Gauta-
son Vél- og orkutæknifræð-
ingur og formaður FUF í
Árnes- og Rangárvallasýslu
og Páll Marís Pálsson,
háskólanemi og varafor-
maður SUF. Þeir ræða við
okkur um mál líðandi
stundar og framtíðina og
svara spurningum vöflu-
gesta. Allir velkomnir.

TIL LEIGU

Stúíóibúð til leigu

Stúíóibúð til leigu í miðbæ
Selfoss. Laus fljótlega.
Reglusemi skilyrði. Fín fyrir
framhaldsskólanema.
Gæludýr ekki leyfð. Uppl. í
síma 863 9526.

ÞJÓNUSTA

B.R. FLUTNINGAR

S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhalð • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhalð - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

STEYPUÖGUN - KJARNABORUN - INNROMMUN -
TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM

Saga dyragöt, gluggagöt og
fleira í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spjela og fleira.
Annast einnig sólpallasmiði.

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUÖGUNIN ÁS ehf.

Málari óskar
eftir verkefnum

Sparsla, grunna, mála.
Faglærður málari óskar eftir
verkefni á Suðurlandi.
Uppl. í síma 777 6466.

BÍLAR

KIETTUR

Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.
Hjólástillingar



Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti



Dráttarbeisli
á flestar bifreiðar
Fljót og góð þjónusta

GB BÍLAR

Hlíðarbrún, Flóahreppi
Sími 894 3063 - 486 1100

ÞJÓNUSTA



FATAVIÐGERÐIR

Afgreiðsla/móttaka opin frá
kl. 11:00-15:00 alla virka daga

SAUMASETRIÐ SELFOSSI

Austurvegi 9 (2. hæð)
lyfta í húsinu

Sími: 898 1430

Facebook: Saumasetrið Selfossi



S. 482 1944
selfoss@prentmet.is

ALMENN SMÍÐAÞJÓNUSTA

SÉRHÆFUM OKKUR Í
ENDURNÝJUN OG BREYTINGUM
INNAN SEM UTAN Á ÖLLUM
TEGUNDUM AF HÚSNÆÐI



KIRKJUR

Hveragerðiskirkja

Verið velkomin til messu í
Hveragerðiskirkju á Pálma-
sunnudag kl. 11. Í messunni
munu 8 fermingarbörn ganga
upp að altarinu og fermast.

Skeiðflatarkirkja í Mýrdal

Pálmásunnudagur 14. apríl, kl.
13:00. Fermingarmessa, 1
fermingarbarn. Organisti er
Brian R. Haroldsson. Kven-
félagskonur leiða söng.
Skírdagur 18. apríl, kl. 13:30.
Fermingarmessa, 2 fermingar-
börn. Organisti er Brian R.
Haroldsson. Kvenfélagskonur
leiða söng.

Víkirkirkja í Mýrdal

Pálmásunnudagur 14. apríl, kl.
14:30. Fermingarmessa, 4 ferm-
ingarbörn. Organisti er Brian R.
Haroldsson. Félagar úr Samkór
Mýrdælinga leiða söng.
Lestur Passíusálma föstu-
daginn langa 19. apríl, kl. 14:00
- 16:00. Eins og undanfarin ár
verða valdir Passíusálmar lesn-
ir í Víkirkirkju. Kaffi á könnunni.
Brian R. Haroldsson leikur á
orgelið milli lestra.

Páskadagur, 21. apríl, kl. 8:00.
Hátíðarguðsþjónusta. Organisti
er Brian R. Haroldsson. Félagar
úr Samkór Mýrdælinga leiða
söng. Öllum viðstöddum boðið
að þiggja morgunverð á prests-
setrinu í Vík að lokinni messu.

Stóra-Dalskirkja undir
Eyjafjöllum

Skírdagur, 18. apríl, kl. 16:00.
Messa - altarisganga. Organisti
er Guðjón Halldór Óskarsson.
Félagar úr kirkjukór Eyfellinga
leiða söng.

Hjallatún í Vík

Föstudagurinn langi, 19. apríl,
kl. 13:00. Helgistund. Organisti
er Brian R. Haroldsson. Félagar
úr Samkór Mýrdælinga leiða
söng.

Reyniskirkja í Mýrdal

Páskadagur, 21. apríl, kl. 14:00.
Guðsþjónusta. Organisti er
Brian R. Haroldsson.

Ásólfsskálakirkja undir
Eyjafjöllum

Páskadagur, 21. apríl, kl. 16:00.
Guðsþjónusta. Organisti er
Guðjón Halldór Óskarsson.
Félagar úr kirkjukór Eyfellinga
leiða söng. (ath. breyting frá
áður útgefinni dagskrá)

Sólheimakapella í Mýrdal

Annar í páskum, 22. apríl, kl.
14:00. Guðsþjónusta. Organisti
er Brian R. Haroldsson.

Hjallakirkja

Hátíðarmessa, páskadag kl.
14:00.

Þorlákaskirkja

Pálmásunnudag kl. 13:30,
Þorlákaskirkja, 7 börn fermd.
Skírdag kl. 13:30, Þorlaks-
kirkja, 4 börn fermd.

Strandarkirkja

Kl. 14 föstudaginn langa lesið
úr Píslarsögunni. Guðmundur
Brynjólfsson velur og stjórnar,
Ester Ólafsdóttir spilar.

Aðventistar

Laugardaginn 13. apríl 2019
verður lokað í safnaðarheimili
aðventista á Eyravegi 67.
Sameiginleg samkoma verður
í Aðventirkirkjunni í Reykjavík,
Ingólfsstræti 19. Biblíu-
rannsókn kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12, barnakór frá Suður-
hlíðarskóla syngur, Garðar
Thor Cortes syngur einsöng,
um prédíkun sér Eric Guð-
mundsson, en upptaka fyrir
útarpsguðsþjónustu er um
að ræða. Sameiginlegt borð-
hald verður á eftir. Fjölmennum
og verið velkomin.

Sólheimakirkja

Guðsþjónusta sunnudaginn
14. apríl kl. 14. Sr. Axel
Njarðvík héraðsprestur annast
prestsþjónustuna. Ester
Ólafsdóttir organisti leiðir
söfnuð í söng.

Skálholtsdómkirkja

Barnasamkoma laugardag 13.
apríl kl. 11:00 í umsjá Bergþóru
Ragnarsdóttur.
Messa á pálmásunnudag 14.
apríl kl. 11:00. Sr. Kristján
Björnsson, Skálholtsbiskup
annast prestsþjónustuna.

Mosfellskirkja, Grímsnesi

Fermingarmessa á páлма-
sunnudag 14. apríl kl. 11:00.
Prestur sr. Egill Hallgrímsson.
Organisti Jón Bjarnason.

Selfoskirkja

Fermingarmessa sunnudaginn
14. apríl kl. 11:00. Kirkjukórinn
og raddir úr Unglingakórnum
syngja. Organisti Ester
Ólafsdóttir. Prestar Guðbjörg
Arnardóttir og Ninna Sif
Svavarsdóttir. Sunnudagaskóli
á sama tíma, umsjón Jóhanna
Yr Jóhannsdóttir ásamt leið-
togum.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Sunnudaga kl. 11:00. Sam-
koma, barnastarf og kaffi-
veitingar. English translation
available. Þriðjudaga kl. 19:30
unglingasamkoma. Bæna-
stundir kl. 18 mánudag, þriðju-
dag og föstudag. Allir vel-
komnir. www.selfossgospel.is.

Stóra-Núpskirkja

Ferming á pálmásunnudag 14.
apríl kl. 11. 4 fermingarbörn.
Prestur: sr. Óskar Hafsteinn
Óskarsson.

Skógakirkja undir Eyjafjöllum

Helgistund verður í safnkirkju-
nni í Skógum sumardaginn
fyrsta, 25. apríl, kl. 20:30. Á
eftir verður söngstund í gamla
barnaskólahúsinu frá Litla
Hvammi, líkt og undanfarin ár.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun

Áttund

Jákvæðar
hugsanir
breyta deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
farsími
693 2197

Cand.mag. í íþróttatræðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
nuddmeistari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

TIL SÖLU

Göngubraut



Göngubraut á a ð e i n s 45.000,- Þessi göngubraut er algjör draumur, því hægt er að fella hana næstum alveg

saman eftir notkun og setja til hliðar. Frí heimsending. Hámarks þyngd notanda 90 kg. Uppl. í síma 661 1902.

Göngubraut / hlaupabraut



Göngubraut / hlaupabraut á a ð e i n s 69.500,- Stærð brautar 42x115 sm, h á m a r k s - þyngd notanda 110 kg. Hámarks hraði 14 km/klst, 8 prógröm. Sendi frítt hvert á land sem er. Prektæki, uppl. í síma 661 1902.

DFS.is
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Fáðu tilboð í
auglýsingapakka í
blaðið og á vefinn!



Hafðu samband
Sími 482 1944
dfs@dfs.is



Sumarstörf hjá Samskipum á Selfossi

Við leitum að rösku og kraftmiklu starfsfólki til afleysinga í sumar á starfsstöð okkar á Selfossi. Um er að ræða útkeyrslu sendinga og afgreiðslu á vörum úr vöruhúsi. Einnig starf þjónustufulltrúa.

Hæfnikröfur:

- Lyftara- og meiraprófsréttindi eru kostur
- Rík þjónustulund og sterk öryggisvitund
- Stundvísi, reglusemi og snyrtimennska

Umsóknarfrestur er til og með **21. apríl**. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og hafa hreint sakavottorð. Tekið er á móti umsóknum í gegnum vefsíðu okkar **www.samskip.is**. Mikilvægt er að sumarstarfsmenn séu tilbúnir að vinna samfellt í 10 vikur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir
Sverrir Unnarsson, sverrir.unnarsson@samskip.com
eða í síma 858 8820.

samskip

Saman náum við árangri



Sjö sveitarfélög í Árnessýslu: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Sveitarfélagið Ölfus standa sameiginlega að skóla- og velferðarþjónustu. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd sveitarfélaganna markar þjónustunni stefnu í samvinnu við þá sem málið varðar. Lögð er áhersla á heildarsýn í málefnum einstaklinga og fjölskyldna. Skóla- og velferðarþjónustan skiptist í kennsluráðgjöf, sálfræðiþjónustu, félagslega ráðgjöf, barnaverndarmál, málefni eldri borgara og málefni fatlaðs fólks. Á svæðinu eru sjö leikskólar og sjö grunnskólar. Nemendafjöldi er alls um 1.380.



FORSTÖÐUMAÐUR SKÓLA- OG VELFERÐARÞJÓNUSTU ÁRNESÞINGS

Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs óskar eftir að ráða forstöðumann sem hefur yfirumsjón með og samhæfir störf félagsráðgjafa, deildarstjóra í heimaþjónustu, forstöðumanna þjónustueininga á starfssvæðinu og sérfræðinga skólaþjónustunnar.

Helstu verkefni

- Daglegur rekstur, stjórnun og eftirlit með framkvæmd þjónustu og ákvarðanatöku nefndarinnar og eftir atvikum ákvarðana sveitarstjórna þegar þess er þörf
- Undirbúningur að gerð fjárhagsáætlunar og eftirlit með útgjöldum þeirra aðila sem heyra undir málaflokkinn
- Yfirumsjón með starfsmannamálum
- Fagleg ráðgjöf til starfsfólks
- Ýmis ráðgjöf gagnvart aðildarsveitarfélögum við gerð fjárhagsáætlunar og um önnur mál er snerta rekstur þjónustunnar
- Ábyrgð á góðu samstarfi við að efla faglega þjónustu allra sem starfa í skóla- og velferðarþjónustu
- Skýrslugerð og frágangur skjala og annarra gagna á sviði þeirra málaflokka sem undir hann heyra
- Önnur trúnaðarstörf

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í félagsráðgjöf eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framhaldsnám sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærilegu starfi er nauðsynleg
- Reynsla og þekking á opinberri stjórnsýslu
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi
- Framúrskarandi lipurð og færni í samskiptum



Nánari upplýsingar veita:

Katrín S. Óladóttir,
katrin@hagvangur.is
Geirlaug Jóhannsdóttir,
geirlaug@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is**

Umsókn skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun. Í samræmi við jafnréttisstefnu sveitarfélaganna eru bæði karlar og konur hvött til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með **29. apríl nk.**

Selfossveitur og Árborg semja við DMM Lausnir

Selfossveitur bs. og Sveitarfélagið Árborg undirrituðu 3. apríl sl. samning við DMM Lausnir ehf. um hugbúnað fyrir eigna- og viðhaldsstjórnun. DMM mun verða notað fyrir hitaveitu, kaldavatnsveitu, fráveitu, lóðir, gatnakerfi o.fl. Hlutverk DMM verður sér í

lagi að halda utan um helstu eignir sem þar koma við sögu og styðja við fjölda verkefna í daglegum rekstri sem miða að því að tryggja öruggan rekstur og góða endingu. Þess má geta að Selfossveitur hafa um langt skeið notað hugbúnaðarkerfið „Arfann“ sem er forveri DMM

hugbúnaðarkerfisins frá því um 1995. Það er sérstakt ánægjuefni fyrir DMM Lausnir að fá tækifæri til að hefja nýjan kafla með Selfossveitum og Árborg með mun öflugra DMM-kerfi sem mun veita fleiri möguleika fyrir þá fjölbreyttu starfsemi sem hér um ræðir.



Frá vinstri: Kristján Jóhannesson, Grétar Lárus Matthíasson, Sigurður Þór Haraldsson, Auður Guðmundsdóttir, Jón Tryggvi Guðmundsson, Guðmundur Jón Bjarnason frá DMM Lausnum, Magnús Ingibergur Guðjónsson Öfförð, Kristinn Grétar Harðarsson og Þorfinnur Snorrason.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - WWW.FROSTMARK.IS

Josera.
super premium
gæludýrafóður
Fæst hjá
BYKO Selfossi

**Raf- og Kæli-
þjónustan ehf.**
Sími 660 2970
• Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum • Ísskápaþjónustur • Almennar raflagnir

GK GLUGGAR
Norður-Nýjabæ | 851 Helli | 566 6787
www.gkgluggar.is | gkgluggar@gkgluggar.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
**Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmíði**
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**Hjólbarðapjónusta
Magnúsar**
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

opið alla daga
rauða húsið
restaurant Eyrarbakka
raudahusid.is
483-3330
Búðarstíg 4 • 820 Eyrarbakka
raudahusid@raudahusid.is
opið 17:00-21:00 mán-fim
12:00-21:00 lau-sun

**Bílamerkingar
Strigaprentun
Fatamerkingar
Gluggafilmur
Límimiðar
Skiltagerð
Filmulausnir
og merkingar**
Háheiði 6, Selfossi s: 833 2299
filmulausnir@filmulausnir.is
Ópið mánudaga til föstudaga frá kl. 9 - 17

**MÚRVERK
STEINSÖGUN
KJARNABORUN
OG ALMENN VERKTAKAVINNA**
SÖGUN
Gunni s: 895-9054 - Maggi s: 852-7577

**HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**
Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Símar 483 3827 og 897 8444
Fleint um allt Suðurland

**MERKINGAR
LASERSKURÐUR
FRÆSINGAR
PRENTUN**
Kennslustofa 60
SB SKILTAGERÐ
Þorlákshöfn - Sími 483 1955 - www.sbskilti.is

Jiibbií
Siggafærðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

**Tæknipjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi**
Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Simkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reyksla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

**Rétting
og málun**
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

**Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti**
Bilverk BA
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

**BÓKLEGT VINNUVÉLANÁM
Á NETINU**
NÁM SEM GEFUR RÉTT TIL PRÓFS Á ALLAR GERÐIR
OG STÆRÐIR VINNUVÉLA
OPIÐ ALLAN SÓLAHRINGINN
VERÐ 60.000 kr.
**VINNUVÉLA
SKÓLINN**
vinnuvelaskolinn.is

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími